

## Ég hef bjartsýni og jákvæðni að leiðarljósi í mínum störfum

Arnar Þór Sævarsson, nýr framkvæmdastjóri  
sambandsins, ræðir við Garðar H. Guðjónsson

Geta sveitarstjórnir ráðið og rekið æðstu  
yfirmenn og sveitarstjóra eftir geðþótta?  
- Ingimar Ingimarsson skrifar um ráðningarsamninga





# Vinnustaða- KYNNINGAR

**Brú lífeyrissjóður býður upp á  
vinnustaðakynningar um lífeyrismál.**

Markmiðið með kynningunum er að þátttakendur fái almenna yfirsýn yfir lífeyrismál. Annars vegar er um að ræða kynningar sem sérstaklega eru ætlaðar sjóðfélögum sem eru að nálgast eftirlaunaaldur og hins vegar kynningar fyrir sjóðfélaga sem vilja kynna sér betur lífeyrismál sín.

Frekari upplýsingar veitir Þóra Jónsdóttir, sviðsstjóri  
réttinda- og lögfræðisviðs – [thora@lifbru.is](mailto:thora@lifbru.is)





# Innsæi skapar tækifæri

Við njótum þekkingar og reynslu mörg þúsund sérfræðinga um allan heim. Það gerir okkur kleift að koma auga á betri valkosti fyrir þig. Þegar við nýtum innsæið, með rétta fólkið okkur við hlið, birtast tækifærin alls staðar.

Kynntu þér málið á [kpmg.is](https://www.kpmg.is)



**Útgefandi:**

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30, 5. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 515 4900  
samband@samband.is  
www.samband.is  
ISSN-0255-8459

**Ritstjóri:**

Valur Rafn Halldórsson (ábm.)  
valur@samband.is

**Ritstjórn:**

Valur Rafn Halldórsson  
Ingibjörg Hinriksdóttir

**Blaðamaður:**

Garðar H. Guðjónsson  
gaji@mmedia.is

**Auglýsingar:**

Samband íslenskra sveitarfélaga

**Umbrot:**

Ingibjörg Hinriksdóttir

**Prentun:**

Prentmet Oddi -  
Svansvottuð prentsmiðja

**Dreifing:**

Pósturinn

Tímaritið Sveitarstjórnarmál kemur út tvisvar sinnum á ári. Tímaritinu er dreift til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og á sveitarstjórnarskrifstofur.

Nánari upplýsingar fást með því að senda póst á samband@samband.is.

**5 Forystugrein**

**Heiða Björg Hilmisdóttir**  
formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**9 Íbúafjöldinn fjórfaldast á 100 árum**

**Sigurður Árnason**  
sérfræðingur hjá Bygðastofnun.

**13 Ég hef bjartsýni og jákvæðni að leiðarljósi í mínum störfum**

**Arnar Þór Sævarsson**, nýr framkvæmdastjóri sambandsins, ræðir við Garðar H. Guðjónsson.

**24 Erum á réttri leið í fjármála-  
stjórnun en getum gert miklu betur**

**Sigurður Ármann Snævarr**, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs lætur af störfum hjá sambandinu.

**35 Geta sveitarstjórnir ráðið og rekið æðstu yfirmenn og sveitarstjóra eftir geðþótta?**

**Ingimar Ingimarsson**, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Þingeyjarsveitar.

**39 Áhugaverð fræðsluferð til Skotlands**

**Frásögn** fulltrúa frá SSV og SSNV sem fóru í sameiginlega fræðsluferð til Skotlands.

**48 Síðasta orðið**

**Vilhjálmur Jónsson**, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi og **Alexandra Briem**, borgarfulltrúi eiga síðasta orðið.

**Forsíðumynd:**

Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
Ljóm.: Hörður Sveinsson



## Við viljum búa vel að okkar fólki

Heiða Björg Hilmsdóttir  
Formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sveitarfélög mótuðust í upphafi á grundvelli samhjálpur. Þrátt fyrir að flest hafi breyst á Íslandi frá ritun Grágásar þá er þetta enn meginhlutverk okkar. Að búa íbúum okkar bestu mögulegu lífsskilyrði, og þar með talið að tryggja að við öll fáum stuðning ef við þurfum. Að jafna stöðu okkar óháð því hvar við fæðumst, veljum að búa, litarhaft okkar, kyn og svo framvegis. Það er því átakanlegt fyrir samfélagið að ríkið hafi enn ekki tryggt sveitarfélögum tekjur svo fatlað fólk fái þá þjónustu sem það á rétt á samkvæmt ákvörðunum ríkisins. Enginn málaflokkur hefur verið skoðaður jafn rækilega ofan í kjölinn og niðurstaðan er augljós, tekjustofnar standa ekki undir þeim útgjöldum sem málaflokkurinn kallar á og það er einfaldlega nauðsynlegt að leiðrétta samning um fjármögnun málaflokksins svo samfélag okkar virki sem skyldi. Sveitarfélög hafa sýnt með milljarðatuga framúrkeyrslu síðustu ára að við vitum að þessi þjónusta er mikilvæg og að við viljum sannarlega tryggja mannréttindi fólks. Fatlaðs fólks rétt eins og allra hinna.

Við erum ekki mörg sem búum á Íslandi og þegar á heildina er litið erum við að stærstum hluta nokkuð sammála um að við viljum búa vel að okkar fólki þótt við séum ekki sammála um leiðirnar. Mikill samhljómur er í stefnuskjölum ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga og ég

er sannfærð um að með betri samvinnu mundi byggjast upp traust sem mundi spara samfélagi okkar mikinn tíma og fjármuni. Fram undan er krefjandi vetur þar sem ytri þættir eins og vaxtastig og verðbólga ógna stöðugleika, á sama tíma og íbúum fjölga sem aldrei fyrr. Við þurfum að tryggja uppbyggingu íbúða, styrkja þjónustuna okkar, farsæld barna, stuðning við fólk með annað móðurmál en íslensku og stuðla að atvinnuþróun. Því við viljum að samfélagið okkar verði kröftugt og spennandi svo unga fólkið okkar velji Ísland til að lifa og starfa.

Ég hef í vetur heimsótt hluta sveitarfélaga og hlakka til að halda því áfram. Það er magnað að finna kraftinn sem í sveitarstjórnarfólki býr og sjá alla þá spennandi starfsemi og þróun sem á sér stað um land allt. Við erum um það bil fimm hundruð sem tökum þátt í því lýðræðisverkefni sem stjórnun sveitarfélaga er. Svo má ekki gleyma að hátt hlutfall íbúa hefur á einhverjum tíma tekið þátt í að stjórna sínu nærsamfélagi. Öll búum við, lifum og störfum í sveitarfélögum og við þekkjum okkar samfélög best og metnaður okkar fyrir því að gera vel er mikill. Hagsmunir okkar Íslendinga eru að hér séu sterk sveitarfélög sem geti tekið virkan þátt í þróun íslensks samfélags á forsendum íbúa um allt land.

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HÝSINGU  
OG REKSTUR TÖLVUKERFA  
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

www.tris.is - 480-3300

TRS

*Ein heild í þína þágu*

# Stopp ofbeldi!



Alfa Dröfn Jóhannsdóttir  
Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra  
sveitarfélaga.

Það hefur sannarlega verið þörf á aðgerðum til að stemma stigu við þróun í ofbeldismálum en kostnaður vegna ofbeldis kemur fram víða í kerfinu; hjá lögreglunni, í heilbrigðiskerfinu, hjá félagsþjónustunni, hjá barnaverndaryfirvöldum, í skólakerfinu, í kvennaathvörfum og víðar. Þetta er gríðarlegur kostnaður fyrir bæði ríki og sveitarfélög og hér er ekki talið með hið andlega og líkamlega tjón þeirra einstaklinga sem fyrir ofbeldinu verða. Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni er samfélagsmein sem er öllu samfélaginu mjög dýrt. Vörn gegn ofbeldi kemur víða fram í lögum, reglugerðum, alþjóðasamningum og öðrum verkefnum ríkis og sveitarfélaga og eiga öll rétt á lífi án ofbeldis og áreitni. Forvarnir gegn ofbeldi standa vörð um grundvallarmannréttindi einstaklinga og mikilvægt er að unnið sé markvisst að forvörnum meðal barna og ungmenna.

Innleiðing aðgerðaáætlunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025 gengur vel, en nú er 42 prósent aðgerða lokið og 58 prósent aðgerða eru hafnar og komnar vel á veg. Aðgerðaáætlunin felur í sér fyrstu heildstæðu stefnuna um forvarnir gegn kynferðislegu og

kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi og lögð er rík áhersla á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, sem og í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Stór hluti aðgerða í áætluninni snúa að leik- og grunnskólum og hefur samstarfið við skólastjórnendur verið gott. Nú eru meðal annars staðfest forvarnateymi gegn ofbeldi í öllum grunnskólum landsins. Hlutverk forvarnateyma er meðal annars að tryggja kennslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni inn í alla árganga grunnskóla, sjá til þess að fyrir hendi innan skólanna sé viðbragðsáætlun ásamt því að fylgja því eftir að allt starfsfólk skólanna ljúki netnámskeiði Barna- og fjölskyldustofu um grunnatriði kynferðisofbeldis gegn börnum og ungmennum. Námskeiðið er aðgengilegt á vef Barna- og fjölskyldustofu og inni á vefgáttinni StoppOfbeldi.

Ein aðgerð áætlunarinnar sneri ennfremur að því að opnuð yrði vefgátt þar sem

náms- og fræðsluefni um málaflökkinn yrði gert aðgengilegt. Í því sambandi bendum við fólki á stoppofbeldi.namsefni.is þar sem má finna efni sem starfsfólk, sem starfar með börnum og ungmennum, getur nýtt sér í fræðslu með börnum og ungmennum. Öllu efni hefur verið skipt niður eftir aldri og skólastigum barna ásamt töluverðu af ítarefni, sem er ætlað að styðja við starfsfólk með sem bestum hætti. Töluvert af nýju efni fyrir börn á leikskólaaldri og á yngsta stigi grunnskóla hefur verið þýtt, staðfært og talsett og verður gert aðgengilegt á vefgáttinni nú á haustdögum.

Á mælaborði aðgerðaáætlunarinnar, sem er að finna inni á vef Stjórnarráðsins, má sjá framgang hennar en þar er öllum tuttugu og sex aðgerðunum fylgt eftir. Mælaborðið er uppfært reglulega í samræmi við framgang mála og við hvetjum áhugasöm um að fylgjast með árangri aðgerða þar.





# Íslensk sveitarfélög geta sótt um styrki vegna fjárfestinga í orkuskiptum



Sveitarfélög eru lykilaðilar þegar kemur að orkuskiptum í Evrópu. Þar eru gríðarleg tækifæri til að koma á sjálfbærum fjárfestingaáætlunum og sveitarfélög gegna auk þess lykilhlutverki í að safna smærri verkefnum saman í stærra fjárfestingasöfn. Þannig fá þau tækifæri til að virkja betur það umtalsverða fjármagn sem þarf til að orkuskiptin geti átt sér stað.

Íslenskum sveitarfélögum stendur nú til boða að sækja um styrki til að þróa fjárfestingaáætlanir í þágu orkuskipta og aukinnar orkunýtingar. Styrkir eru veittir í gegnum svokallað European City Facility sem fjármagnað er af LIFE-áætlun ESB. Í boði eru nokkrir styrkir, hver að upphæð um það bil níu milljónir króna. Auk styrksins hljóta styrkþegar sérhæfðan stuðning sérfræðinga. Styrknum er ætlað styðja við gerð fjárfestingaáætlunar á sviði orkuskipta, orkunýtni og loftslagsmála sem er sérsniðin að þörfum umsækjenda.

Fyrri styrkþegar hafa nýtt fjármagnið til fjölbreyttra aðgerða, meðal annars við gerð hagkvæmniathugana, markaðsrannsóknna, hagaðilagreiningar og mótun aðgerða til að auka samstarf við hagaðila, greininga á lagaumhverfi, efnahagslegu umhverfi og fjármálum.

Auk fjármagnsins stendur styrkþegum til boða þjálfun, tækifæri til tengslamyndunar og aðgangur að verkfærum sem sérstaklega er ætlað að auðvelda fjármögnun verkefnis.

Einfalt er að sækja um styrkinn og skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla eru fá. Skilyrði er þó að til staðar sé pólitískur stuðningur við verkefnið, að gerð sé grein fyrir áætluðu umfangi fjárfestinganna, áætluðum áhrifum á orkunýtni og áætlun sem lýsir stjórnskipulagi verkefnis og hvernig verði hvatt til þátttöku hagaðila.

**Næst verður opnað fyrir umsóknir í janúar 2024.**

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu EUCF: [www.eucityfacility.eu](http://www.eucityfacility.eu) og hjá landstengiliði European City Facility á Íslandi, Gyðu Einarsdóttur, sérfræðingi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (netfang: [gydae@samband.is](mailto:gydae@samband.is) og [ce.iceland@eucityfacility.eu](mailto:ce.iceland@eucityfacility.eu)).

## Þjónusta við sveitarfélög og stofnanir

*Starfsmenn Enor hafa áralanga reynslu af fjölbreyttum verkefnum fyrir sveitarfélög og stofnanir þeirra. Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, skjóta og góða þjónustu og höfum á að skipa traustu starfsfólki með mikla starfs- og verkefnareynslu.*

**Endurskoðun - Reikningsskil - Skattaráðgjöf - Önnur ráðgjöf**



Akureyri | Húsavík | Reykjavík | 430 1800 | [enor@enor.is](mailto:enor@enor.is) | [www.enor.is](http://www.enor.is)

# Íbúafjöldinn fjórfaldast á 100 árum



Sigurður Árnason  
Sérfræðingur á Þróunarsviði  
Byggðastofnunar.


Eitt af hlutverkum Byggðastofnunar er að fylgjast með þróun byggðar í landinu. Mannfjöldapróun er einn af grunnþáttum sem horft er til við gerð áætlana um þróun og styrkingu byggða á Íslandi. Á undanförunum árum hefur mannfjöldapróun á Íslandi einkennst af mikilli fólksfjölgun, hröðum vexti höfuðborgarsvæðisins og síðustu áratugi einnig vexti nágrannasveitarfélaga þess. Á síðustu árum hefur fólki fjölgað í öllum landshlutum en hafa verður í huga að þróunin hefur verið ákaflega mismunandi milli landshluta og svæða innan landshlutanna.

Samkvæmt Þjóðskrá bjuggu tæplega 396 þúsund manns á landinu þann 21. ágúst 2023. Gera má því ráð fyrir að óbreyttu að íbúatala landsins fari yfir 400 þúsund manns á haustmánuðum. Íbúatala Íslands hefur því fjórfaldast á síðustu u.þ.b. 100 árum. Mannfjöldinn náði 300 þúsund íbúa markinu árið 2006, 200 þúsund íbúa markinu á 7. áratug 20. aldar og 100 þúsund íbúa markinu á 3. áratug sömu aldar. Á 7. áratugnum þegar fjöldi íbúa á landinu var 200 þúsund, voru erlendir ríkisborgarar með búsetu á landinu á þriðja þúsund eða 1-2%. Í nýlegum tölum Þjóðskrár kemur fram að erlendir ríkisborgarar í ágúst hafi verið

manns. Fæddir umfram dána á því tímabili voru 26 þúsund en nettó aðfluttur frá útlöndum sjö þúsund.

## Íbúafjölgun vegna vinnuaflosskorts

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hefur fjöldi starfandi á 2. ársfjórðungi árána 2013 og 2023 vaxið um 46 þúsund manns. Þriðjungi þeirrar fjölgunar var mætt með fólki af íslenskum bakgrunn en tveir þriðju með fólki með erlendan bakgrunn. Íbúafjölgun síðustu ára hefur því verið drifin áfram af auknum efnahagsumsvifum og eftirspurn eftir



Mynd 1. Fjöldi erlendra ríkisborgara 2013-2023 (þúsundir íbúa).  
Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðskrá.

orðnir tæplega 72 þúsund manns, eða 18% íbúa landsins.

Samkvæmt Hagstofu Íslands bjuggu á Íslandi í upphafi þessa árs 387.758 manns og hafði fjölgað á síðastliðnum tíu árum um 66 þúsund manns. Íbúafjölgun á þessu tímabili er drifin áfram af aðflutningi fólks frá útlöndum en flutningsjöfnuður við útlönd var á síðustu tíu árum jákvæður um ríflega 45 þúsund manns. Á sama tíma voru fæddir umfram dána ríflega 20 þúsund manns. Til samanburðar fjölgaði íbúum á landinu á næstu tíu árum þar á undan, 2003-2013, um 33 þúsund

vinnuafli meðal annars í ferðaþjónustu og byggingariðnaði, sem að stórum hluta hefur verið mætt með flutningi fólks hingað frá útlöndum. Á 2. ársfjórðungi 2023 voru um 23% starfandi í landinu af erlendum uppruna en eins og áður segir er hlutfall erlendra ríkisborgara 18% af íbúum landsins. Það rímar við það að aldurssamsetning erlendra ríkisborgara er með öðrum hætti en íslenskra, en í hópi þeirra eru mun færri eldri borgarar og hlutfallslega flestir erlendir ríkisborgarar eru á aldrinum 20-59 ára. Þetta er í samræmi við það sem kemur fram í rannsókninni Byggðafesta





Mynd af Unsplash Alex Alvarez.

og búsetuflutningar á Íslandi (2022) en þar kemur fram meðal annars að atvinnutækifæri skipti miklu máli varðandi búferlaflutninga og að slík tækifæri séu jafnframt helsta ástæða þess, ásamt góðum kjörum í alþjóðlegum samanburði, að fólk af erlendum uppruna flytur til landsins .

### Lýðfræðilegar breytingar

Á síðustu tíu árum fjölgaði körlum meira en konum. Karlar voru 51,5% íbúa þann 1. janúar síðastliðinn en voru 50,2% þann 1. janúar 2013. Það skýrist að stærstum hluta af því að mun fleiri karlar en konur með erlent ríkisfang hafa flutt til landsins á undanförunum áratug. Vegna aðflutnings frá öðrum löndum er hlutfall karla nú hærra en kvenna í öllum landshlutum. Hlutfall karla er hæst á Suðurnesjum eða 54% af íbúafjöldanum en lægst á Norðurlandi vestra þar sem karlar eru tæplega 51%.

Í takti við það sem gerst hefur annars staðar á Vesturlöndum fjölgaði hlutfallslega mest í aldurshópnum 60 ára og eldri, úr 18,2% mannfjöldans í 20,4%. Hins vegar fjölgaði einnig hlutfallslega í aldurshópnum 20-39 ára eða um 1,9%, sem skýrist að stærstum hluta af fjölgun erlendra ríkisborgara á þessu aldrarsbili á undanförunum tíu árum. Hins vegar fækkaði fólki undir tvítugu


hlutfallslega, fór úr 27,8% í 24,3%. Að hluta er skýringin sú að börn með erlent ríkisfang eru hlutfallslega færri en börn með íslenskt ríkisfang og einnig hefur hlutfallsleg fæðingartíðni lækkað. Fjöldi fæddra barna í upphafi og lok tímabils og að meðaltali á tímabilinu var um 4.300.

### Víðast fólksfjölgun


Á síðustu tíu árum var fólksfjölgun í öllum landshlutum. Mesta fólksfjölgunin var á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjölgaði um 42 þúsund manns (20%),

á Suðurnesjum um tíu þúsund manns (46%) og á Suðurlandi um átta þúsund (30%). Í öðrum landshlutum fjölgaði minna og minnst á Vestfjörðum (5%) og á Norðurlandi vestra (2%). Enda þótt fólksfjölgun á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra sé ekki mikil er þó um viðsnúning að ræða þar sem íbúum í þeim landshlutum fækkaði um 7 og 10% á næstu tíu árum þar á undan.

Þá hefur einnig orðið sú breyting að fólksfækkun er bundin við færri svæði



Mynd 2. Hlutfall kvenna af íbúafjölda eftir landshlutum árin 2013 og 2023. Heimild: Mælaborð Byggðastofnunar/Hagstofa Íslands.



Mynd 3. Breyting á íbúafjölda 2003-2013 og 2013-2023 eftir landshlutum.  
Heimild: Mælaborð Byggðastofnunar / Hagstofa Íslands.

en áður. Á síðustu tíu árum fækkaði fólki í Fjallabyggð, Dalabyggð, á Vopnafirði, í Langanesbyggð, á Ströndum og í Reykhólahreppi. Þar af voru þrjú svæði með náttúrulega fækkun íbúa, það er að færri fæddust en dóu, í Fjallabyggð, Dalabyggð og á Vopnafirði. Sömu leiðis voru öll svæði á landinu með jákvæðan flutningsjöfnuð fyrir utan Snæfellsnes, Langanesbyggð, Strandir og Reykhólahrepp. Ef hins vegar flutningsjöfnuði er skipt upp eftir innlendum og erlendum flutningsjöfnuði kemur í ljós að á öllum svæðum var erlendir flutningsjöfnuður jákvæður á síðustu tíu árum. Hins vegar var innlendir flutningsjöfnuður aðeins jákvæður á Suðurnesjum, Áborgarsvæðinu, sunnanverðu Vesturlandi og Eyjafirði án Fjallabyggðar. Aðflutningur fólks

með erlendan ríkisborgararétt hefur því víða snúið við neikvæðri byggðapróun á landinu, ekki síst þar sem íslenskum ríkisborgurum hefur fækkað.

### Mismunandi þróun eftir svæðum

Þróun á einstökum svæðum er hægt að skipta upp eftir fjölgun og fækkun á íslenskum og erlendum ríkisborgurum og hvort um náttúrulega fjölgun var að ræða eða ekki. Þá kemur eftirfarandi fjórskipting í ljós, ásamt hlutfallslegri fjölgun eða fækkun:

Fjölgun íslenskra ríkisborgara meiri en fjölgun erlendra ríkisborgara og náttúruleg fjölgun:

- Árborgarsvæðið 40%

Fjölgun erlendra ríkisborgara meiri en fjölgun íslenskra ríkisborgara og náttúruleg fjölgun:

- Suðurnes 46%
- Uppsveitir Árnassýslu 25%
- Rangárvallasýsla 22%
- Höfuðborgarsvæðið 20%
- Sunnanvert Vesturland 20%
- Eyjafjörður án Fjallabyggðar 11%

Fjölgun erlendra ríkisborgara, fækkun íslenskra ríkisborgara og náttúruleg fjölgun:

- Mýrdals- og Skaftáhreppur 72%
- Sunnanverðir Vestfirðir 17%
- Sveitarfélagið Hornafjörður 17%
- Austurland án Vopnafjarðar 10%
- Þingeyjarsýsla án Langanesbyggðar 9%
- Vestmannaeyjar 7%
- Norðanverðir Vestfirðir 5%
- Skagafjörður 2%
- Húnavatnssýslur 2%
- Snæfellsnes 0%
- Langanesbyggð -5%
- Strandir og Reykhólahreppur -12%

Fjölgun erlendra ríkisborgara, fækkun íslenskra ríkisborgara og náttúruleg fækkun:

- Fjallabyggð -2%
- Dalabyggð -2%
- Vopnafjörður -4%

## Byggðaráðstefnan 2023 – Búsetufrelsi?

haldin fimmtudaginn 2. nóvember í Reykjanesbæ

Byggðaráðstefnan 2023 verður haldin **2. nóvember 2023**, í Reykjanesbæ. Fjallað verður um búsetufrelsi og niðurstöður rannsóknarverkefnisins Byggðafesta og búferlaflutningar sem unnið var á vegum Byggðastofnunar í samvinnu við sérfræðinga við ýmsar íslenskar og erlendar háskólastofnanir.

Tilgangur ráðstefnunnar er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðapróun með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar um allt land. Leitast er við að ná fram ólíkum sjónarhornum þeirra sem vinna að rannsóknum og stefnumótun á vettvangi byggðamála með áherslu á tiltekinn málaflokk hverju sinni.





Hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúum var hæst í Mýrdalshreppi þar sem það var 61%, þar á eftir komu Skaftárhreppur með 43%, Bláskógabyggð með 36%, Reykjanesbær, Vesturbyggð, Súðavíkurreppur og Hrunamannahreppur með 32%, Ásahreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður og Rangárþing eystra með um 30%. Lægst var hlutfall erlendra ríkisborgara hins vegar í Reykhólahreppi, Árneshreppi og Skagabyggð þar sem það var frá 3-5%.

Þróun undanfarinna tíu ára á Íslandi hefur að mestu leyti ráðist af fjölgun starfa sem hefur að stórum hluta verið mætt með því að ráða inn fólk erlendis frá. Hvað

gerist á næstu árum ræðst að öllum líkindum af því hvort umsvif halda áfram að aukast í atvinnulífinu sem kalla á fleira starfsfólk. Hvað varðar hins vegar einstök byggðarlög og dreifingu fólks um landið er líklegt að íbúáþróun þeirra ráðist af fjölda þátta. Í hefðbundnum sjávarútvegs- og landbúnaðarsamfélögum mun tæknistig og þróun afkomu í þessum greinum ráða miklu um framtíðar íbúáþróun þeirra hér eftir sem hingað til. Líklega mun þó enn meira máli skipta hvernig til tekst í endurnýjun atvinnulífsins í takt við nýja tíma. Þar má til dæmis nefna þróun skapandi greina, tæknigreinar, sérfræðiþjónustu og hvort fjarvinna nái þeirri fótfestu sem vonir

eru bundnar við. Á endanum er samt líklegast að búsetuval fólks muni ráðast af fjölbreyttum búsetugæðum sem í boði eru á hverju svæði, hvort og hvernig þau gæði uppfylla kröfur hvers einstaklings. Atvinna verði nauðsynleg en ekki nægjanleg forsenda búsetu.

Greinin er unnin upp úr Mælaborði Byggðastofnunar. Þar er hægt að nálgast upplýsingar á myndrænan hátt um meðal annars íbúafjölda, breytingar á íbúafjölda og ríkisfang, orkukostnað, fasteignagjöld, húsnæði fyrir óstaðbundin störf, ríkisstörf, atvinnutekjur og íbúakönnun um búsetuskilyrði.



# LOFTTRAMPÓLÍN

Framleitt af Sidijk BV

**15%  
AFSLÁTTUR**  
af trampólínum  
á lager!

## LOFTTRAMPÓLÍN Á DÚNDURVERÐI!

**Stærð: 8,59m\*14m = 120m<sup>2</sup>**  
Verð: 819.672 kr. + vsk.

**VERÐ NÚ: 696.721 kr. + vsk.**

**Stærð: 8,59m\*12m = 103m<sup>2</sup>**  
Verð: 780.937 kr. + vsk.

**VERÐ NÚ: 663.796 kr. + vsk.**

**Stærð: 8,59m\*10m = 86m<sup>2</sup>**  
Verð: 735.937 kr. + vsk.

**VERÐ NÚ: 625.546 kr. + vsk.**



Sími: 453 8888 - Opíð virka daga kl. 9-17

Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð

Fylgstu með okkur á  
**vélavalefj**





# Ég hef bjartsýni og jákvæðni að leiðarljósi í mínum störfum

Arnar Þór Sævarsson, nýr framkvæmdastjóri sambandsins, ræðir við Garðar H. Guðjónsson um líf sitt og störf og verkefni fram undan.

Mér líst ákaflega vel á nýja starfið og áskoranirnar sem því fylgja. Hér starfar flott og reynslumikið fólk með mikla þekkingu á málaflokkunum sem við erum að fást við. Ég hlakka mikið til að vinna með því næstu árin. Ég nálgast mín verkefni af fullri bjartsýni. Ég er jákvæður að eðlisfari og hef nánast barnslega sýn á mikilvægi þess og árangurinn af því að fólk tali saman og komist að sameiginlegri niðurstöðu sem báðir aðilar geta verið sáttir við. Komandi úr stjórnarráðinu er ég bjartsýnn á að við náum árangri í viðræðum við ríkið um helstu hagsmunamál sveitarfélaganna. Ég er ekki þekktur fyrir að vera með barlóm í mínum störfum. Maður andar bara djúpt og trúir á hið góða í lífinu, segir Arnar Þór Sævarsson, nýr framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, í samtali við Sveitarstjórnarmál.

Hann kom til starfa hjá sambandinu 1. maí síðastliðinn og leysti þá af hólmi Karl Björnsson sem hafði verið framkvæmdastjóri frá 2008 en lét af störfum í lok apríl. Arnar hefur mikla reynslu af opinberum störfum, stefnumótun og stjórnsýslu eftir að hafa verið bæjarstjóri á Blönduósi á árunum 2007-2018 og aðstoðarmaður ráðherra frá 2018. Hann var valinn úr stórum hópi umsækjenda.

”

Ég er ekki þekktur fyrir að vera með barlóm í mínum störfum. Maður andar bara djúpt og trúir á hið góða í lífinu.

Sendur í sveit á sumrin

Arnar er rúmlega fimmtugur, fæddist síðla árs 1971 og ólst upp í Austurbæ Reykjavíkur og hjá móðurfjölskyldunni á Mýrum í Skriðdal. Foreldrar hans eru Sævar Þór Sigurgeirsson frá Skeggjastöðum í Vesturárdal í Miðfirði og Ásrún Zóphaníasdóttir frá Mýrum.

„Ég gekk í Álftamýrarskóla og æfði bæði handbolta og fótbolta með Fram en um leið og skóla lauk á vorin var ég sendur í sveit að Mýrum og kom ekki suður aftur fyrr en í skólabyrjun um haustið. Svona var þetta allt fram á unglingsár. Ég hef mjög sterkar taugar til Skriðdalsins. Þar var bæði sauðfjárrækt og kúabúskapur og það var lærdómsríkt að vinna við það sem krakki og mótandi að vera fyrir austan. Þar kynntist ég hreindýraveiðinni



**LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA ohf.**  
Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík  
www.lanasjodur.is • lanasjodur@lanasjodur.is  
sími: 515 4949 • fax: 515 4903



Það var sannarlega mikil áskorun að reisa fjármál og rekstur Blönduósbæjar við eftir hrunið en í kjölfarið tókst okkur að hefja talsverða uppbyggingu.

sem enn í dag er eitt af mínum helstu áhugamálum. Ég hef jafnframt tengingar við föðurfjölskylduna í Miðfirðinum en þar er fjölskyldan nú með vaxandi skógrækt sem er mjög spennandi verkefni," segir Arnar.

Hann er fjölskyldumaður, kvæntur Gerði Betu Jóhannsdóttur, deildarstjóra göngudeildar innkirtla- og gigtarsjúkdóma á Landspítalanum. Börn þeirra eru Arnar Freyr fæddur 1996, Ásrún Inga fædd 2006, og Eyrún Anna fædd 2009.

### Þekkti sinn vitjunartíma á Blönduósi

Arnar varð stúdent frá Menntaskólanum í Hamrahlíð og lauk mastersprófi í

lögfræði frá Háskóla Íslands 1999. Að loknu námi gerðist hann lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu og síðan hjá Símanum 2002-2006. Um mitt ár 2006 gerðist hann aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra en rúmlega ári síðar var hann ráðinn ópólitískur bæjarstjóri Blönduósbæjar. Fjölskyldan flutti norður og þar átti hún eftir að búa næstu 12 árin.

„Það var sannarlega mikil áskorun að reisa fjármál og rekstur Blönduósbæjar við eftir hrunið en í kjölfarið tókst okkur að hefja talsverða uppbyggingu. Við ákváðum að markaðssetja svæðið sem fýsilegan kost fyrir gagnaver og aðra starfsemi og tókst að mörgu leyti vel til með það. Í tíð minni sem bæjarstjóri kom ég að byggingu nýrrar sundlaugar og að stofnun og rekstri Textílseturs Íslands og Þekkingarsetursins á Blönduósi og að undirbúningi og uppbyggingu gagnavers.

Þetta voru 12 góð ár á Blönduósi en þegar leið að lokum þriðja kjörtímabilsins tók fjölskyldan ákvörðun um að flytja aftur suður. Ásmundur Einar Daðason hafði þá óskað eftir því að ég gerðist aðstoðarmaður hans í félags- og barnamálaráðuneytinu. Ásmundur Einar

var þá þingmaður Norðvesturkjördæmis og við kynntumst á þeim vettvangi. Ég fann það á sjálfum mér að 12 ár væru alveg nóg í starfi bæjarstjóra og að tímabært væri að skipta um manninn í brúnni. Ég er feginn því að ég þekkti minn vitjunartíma og hætti á réttum tíma," segir Arnar.

### Málefni barna á flug

Við tóku fimm ár sem aðstoðarmaður Ásmundar Einars, fyrst í félags- og barnamálaráðuneytinu 2018-2021 og síðan í mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 2021 uns hann tók við starfinu sem framkvæmdastjóri sambandsins.

„Þessi ár í ráðuneytinum voru mjög spennandi og margt að gerast. Málefni barna náðu náttúrulega miklu flugi á þessum árum og það voru mörg spennandi verkefni í öðrum málaflokkum, svo sem í húsnæðismálum og á vinnumarkaði. Það náðist mikill árangur í uppbyggingu húsnæðis, ekki síst á landsbyggðinni. Fyrir tilstilli ríkisins og fleiri var byggt íbúðarhúsnæði á stöðum þar sem ekki hafði verið byggt nýtt húsnæði um langt skeið. Þetta gerðist



Á hreindýraveiðum í austfirsku Ölpunum með eiginkonunni, Gerði Betu Jóhannsdóttur.



mjög víða um landið, svo sem í Búðardal, Reykhólasveit og víða á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum.

Mér fannst gaman að koma að þessu og er ánægður með hvernig til tókst. Menn fóru mjög einbeittir og fullir metnaðar í þetta og byggðar voru um 700 íbúðir á landsbyggðinni á þremur til fjórum árum. Landsbyggðin á því miður ekkert allt of marga bandamenn en mitt viðhorf er að við búum í einu landi og verðum að rækta garðinn allan. Ég tek þetta viðhorf með mér í nýja starfið," segir Arnar og bendir á farsæðarlögin sem annað mikilvægt verkefni sem hann kom að í ráðuneytinum.

## Fjárfestum í fólki

„Þau fjalla um algjör lykilatriði fyrir íslenskt samfélag, um það hvernig við tökum utan um einstaklingana og fjárfestum í þeim. Það hefur margsinnis sýnt sig að slík fjárfesting skilar sér til baka. Það kostar vissulega að vera með margvísleg úrræði fyrir börn sem eru mismunandi eins og við öll og þurfa mismunandi úrræði á fyrstu árum sínum til að fóta sig í lífinu. En þessar krónur sem við setjum í þetta kerfi skila sér margfalt til baka í framtíðinni. Þegar einstaklingur lendir röngu megin hryggjar í lífinu fylgir því risakostnaður fyrir ríki og sveitarfélög. Einn einstaklingur í vanda

”

Við viljum geta fengið upplýsingar um fjármál einstakra sveitarfélaga miklu örar en hingað til og geta unnið úr þeim jafnóðum og skilað aftur til sveitarfélaganna. Þannig getum við og sveitarfélögin sjálf aukið samanburð og skoðað breytingar á rekstri, þróun í rekstri einstakra málaflokka, getum kafað dýpra og skoðað áhrifavalda og orsakir.



## S É R S V I Ð D I R E K T U E R F A S T E I G N A R É T T U R

### HVAÐA VERKEFNI?

- Greining og ráðgjöf vegna mála varðandi fasteignir, eignarhald þeirra, stærð og afmörkun lóða og jarða.
- Stofnun nýrra fasteigna og samruni þeirra.
- Aðstoð við þinglýsingu skjala og samskipti vegna þeirra.
- Gerð eignaskiptayfirlýsinga bæði fyrir fjöleignarhús og land.
- Aðstoð og ráðgjöf vegna jarða s.s. landskipta, stærðarskráningar, hlunninda, veiðiréttar, umferðarréttar og annarra kvaða.
- Stjórnsýslukærur og samskipti við opinbera aðila.
- Aðstoð og ráðgjöf vegna erfðamála, s.s. gerð erfðaskráa, fyrirframgreidds arfs, setu í óskiptu búi, dánarbússkipta o.fl.
- Öll lögfræðileg skjalagerð.



Feðgarnir Arnar Freyr og Arnar Þór eftir góðan landsleik hjá hinum fyrrnefnda.

getur kostað allt að 150 milljónir króna á ári svo það besta sem við getum gert er að fjárfesta í framtíð fólks. Í þessu gegna sveitarfélögin auðvitað lykilhlutverki með rekstri leikskóla, grunnskóla og margvíslegri félagsþjónustu,” segir hann.

### Heillaður af sveitarstjórnarmálum

Spurður um hvers vegna hann sóttist eftir starfi framkvæmdastjóra sambandsins segist Arnar einfaldlega vera heillaður af sveitarstjórnarmálum.

„Þessi vettvangur heillar mig fyrir margra hluta sakir. Ég er náttúrulega sveitamaður í mér og mikill stuðningsmaður landsbyggðarinnar. Ég kynntist sveitarstjórnarmálum fyrst sem barn því afi á Mýrum var hreppstjóri um áratugaskeið. Ég þekki ég málaflökkinn vel eftir að hafa verið bæjarstjóri í 12 ár og starfað að málefnum sveitarfélaga í ráðuneytunum. Sveitarstjórnarmálin snerta á svo mörgu og má í raun segja að öll lög sem Alþingi setur snerti sveitarfélögin með einum eða öðrum hætti. Ég kann vel við nándina við fólkið og nærsamfélagið sem felst í starfi sveitarstjórnanna. Þetta er allt svo miklu persónulegra en að starfa í ráðuneyti. Ég hef aldrei haft áhuga eða metnað til að bjóða mig fram til pólitískra starfa. Það

heillar mig einfaldlega alls ekki. En mér finnst heillandi að starfa að málefnum sveitarstjórna á þessum vettvangi hér,” segir hann.

### Skipulagsbreytingar

Sambandið er að ganga í gegnum talsverðar skipulagsbreytingar um þessar mundir og kemur í hlut Arnars að fylgja þeim eftir.

„Þetta eru nú ekki byltingarkenndar breytingar. En við erum að straumlínulaga skipuritið, skerpa á ábyrgð, búa til meira flæði og efla teymisvinnu þvert á sviði. Skipuritið var svolítið hólfað en við viljum brjóta það aðeins upp og auka flæði starfsfólks milli sviða. Við ætlum að kynna þessar breytingar núna í september og hefja innleiðingu þeirra. Um áramótin hefst svo nýr leiðangur, það má orða það þannig að við siglum úr höfn á nýrri skútu og með nýja áhöfn því hér hafa orðið og eru að verða mannabreytingar,” segir Arnar.

### Átak í upplýsingaöflun

Þegar talið berst að einstökum verkefnum og málaflökkum vikur Arnar að fjármálum

sveitarfélaga en sambandið gegnir mikilvægu hlutverki við greiningu og ráðgjöf á því sviði.

„Við viljum geta veitt sveitarfélögunum enn betri þjónustu á sviði fjármála. Minn hugur stendur til þess að gera átak í upplýsingaöflun og greiningu á fjármálum. Við viljum geta fengið upplýsingar um fjármál einstakra sveitarfélaga miklu örur en hingað til og geta unnið úr þeim jafnóðum og skilað aftur til sveitarfélaganna. Þannig getum við og sveitarfélögin sjálf aukið samanburð og skoðað breytingar á rekstri, þróun í rekstri einstakra málaflökka, getum kafað dýpra og skoðað áhrifavalda og orsakir. Örari upplýsingaöflun og öflugri greiningarvinna hjálpar okkur líka í hagsmunabaráttu okkar gagnvart ríkisvaldinu. Vinna við



Við þurfum að hugsa það upp á nýtt hvernig ávinningur af mannvirkjum rennur til sveitarfélaga. Staðan eins og hún er nú stendur virkjunarframkvæmdum fyrir þrifum því sveitarfélögin telja sig ekki hafa nægilegan ávinning af þeim á móti því sem fórnað er. Tímarnir hafa breyst mikið í þessum efnem.

þetta stendur yfir og ég vil blása til sóknar í því þannig að þetta verði sem fyrst að veruleika,” segir hann.

### Vanfjármögnuð verkefni

„Þegar rætt er um fjármál sveitarfélaga er óhjákvæmilegt að benda á að einstakir málaflökkar sem færðir hafa verið til sveitarfélaganna eru ekki fjármagnðir sem skyldi. Þetta á sérstaklega við um málefni fatlaðs fólks. Þar hefur

safnast upp 40 milljarða króna halli sem væntanlega verður ekki greiddur. En við verðum að staldra við og hugsa hlutina aðeins upp á nýtt, bæði hvað varðar fjármögnun málaflokksins og eins hvað snertir magn og gæði þjónustunnar. Við erum í samtali við ríkið um þetta og nú á haustdögum kemur út yfirgripsmikil skýrsla starfshóps sem hefur farið yfir og tekið saman allar upplýsingar um málefni fatlaðs fólks frá yfirfærslunni 2011. Þetta vekur líka óhjákvæmilega upp spurningar um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og við þurfum að skoða vel hvort núverandi tekjustofnar eru í raun nógu sterkir til að standa undir allri þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita. Þetta er nokkuð sem við erum byrjuð að ræða innan okkar raða og við ríkið,“ segir Arnar.

### Ávinningur af virkjanaframkvæmdum

Hann bendir einnig á að finna þurfi lausnir á málefnum orkusveitarfélaga og telur nauðsynlegt að tryggja að

sveitarfélögin hafi meiri ávinning af virkjanaframkvæmdum og mannvirkjum sem þeim tengjast.

„Við þurfum að hugsa það upp á nýtt hvernig ávinningur af mannvirkjum rennur til sveitarfélaga. Staðan eins og hún er nú stendur virkjunarframkvæmdum fyrir þrifum því sveitarfélögin telja sig ekki hafa nægilegan ávinning af þeim á móti því sem fórnað er. Tímarnir hafa breyst mikið í þessum efnum. Ég þekki þetta frá því ég var á Blönduósi með öll þessi virkjunarmannvirki í bakgarðinum. Margir mótmæltu Blönduvirkjun á sínum tíma en þeir sem voru meðmæltir henni stóðu í þeirri trú að þetta myndi skila sveitarfélögunum nýjum störfum og fjárhagslegum ávinningi og því væri réttlætanlegt að fórna hluta af húnvetnsku heiðunum undir lón. Virkjunin skilar vissulega tekjum en hefur ekki leitt af sér svo mörg ný störf á svæðinu.

Nú eru sveitarfélög ekki reiðubúin til að sökkva landi nema fyrir verulegan

”

Ég hef alltaf verið í krefjandi störfum og þetta er mín leið til að hvílast frá þeim. Þegar maður er á fjöllum verður allt svo einfalt. Þetta snýst um að nærast og ferðast frá einum stað til annars í sátt við náttúruöflin. Hugurinn er bara hér og nú og snýst ekkert um vinnuna.

ávinning sem ekki er í boði sem stendur. Umhverfisráðuneytið setti af stað nefnd sem er að fjalla um þetta og á að skila álitni nú á haustmánuðum. Hún hefur meðal annars aflað fordæma erlendis frá, ekki síst frá Noregi þar sem þessu er allt



Fjölskyldan saman komin. Gerður Beta, Ásrún Inga, Arnar Freyr með afabarnið Rúnar Helga, Eyrún Anna og Arnar Þór.



öðru vísi háttað, sveitarfélögum í hag.“

## Meira jafnræði gagnvart ríkinu

Arnar vill sjá meira jafnræði með ríki og sveitarfélögum og minnir á að sveitarfélögin eru stjórnvald með vísan til stjórnarskrár allt frá því Íslendingar fengu fyrst stjórnarskrá árið 1874.

„Við erum í samfelldu samtali við ríkisvaldið um okkar hagsmuni. Málefni fatlaðs fólks og staða orkusveitarfélaganna eru tvö stóru málín núna en svo eru mörg önnur mál sem þarfnast nánari skoðunar. Ríkið er vissulega fast fyrir hvað fjármálin varðar en við höfum sterka stöðu í krafti stjórnarskrár og samstöðunnar sem sveitarfélögin sýna í gegnum sambandið. Við erum að sinna nærþjónustu við íbúa og vinna að málefnum sem stjórnarskráin beinlínis felur okkur.

Með fullri virðingu fyrir öðrum hagsmunasamtökum höfum við þessa sérstöðu. Samt virðist einhvern veginn alltaf halla á okkur í samtalinu við ríkið og því þarf að breyta. Við erum í þessu saman, höfum ólík hlutverk en saman búum við til gott samfélag. Ég hef haldið þessu á lofti, vil nálgast viðræður við ríkið með jákvæðni og bjartsýni í huga og trú



Skimað eftir hreindýrum.

því að við getum náð þeim árangri sem þarf.“

## Á hreindýraveiðar

En lífið er ekki bara saltfiskur og Arnar á sér margvísleg áhugamál sem hann notar til að hvílast og endurnærast. Þegar blaðamaður ræðir við Arnar eru þau hjónin að ferðbúast til hreindýraveiða

austur á landi. Arnar kynntist hreindýraveiðum þegar hann var í sveit fyrir austan sem krakki og þær hafa æ síðan verið á meðal áhugamála hans. Auk þess að veiða sjálfur hefur hann sinnt leiðsögn fyrir aðra veiðimenn.

„Fjölskyldan er öll með mér í þessu. Við höfum það fyrir reglu að nýta alla skepnuna, kjöt, skinn, horn, fitu og



innmat. Það fer ekkert til spillis hjá okkur. Hér áður fyrr fengu bæirnir fyrir austan leyfi til að skjóta ákveðinn fjölda dýra. Síðan var því breytt þannig að hrepparnir fengu leyfi og voru þá fengnir menn til að skjóta fyrir viðkomandi hrepp. Nú geta allir sótt um veiðileyfi og svo er dregið úr pottinum. Ég fæ auðvitað ekki leyfi á hverju ári en vegna þess að ég veiti öðrum leiðsögn fer ég til veiða árlega og undanfarin 15 ár hefur stór hluti af sumarfríinu farið í það.

Í ár vonast ég til að ná þremur dýrum en það er ekki sjálfgefið að það takist. Það ræðst af náttúruöflunum, veðri og því hvar dýrin halda sig. Þau eru á ansi víðáttumiklu svæði og ekki á vísan að róa með að finna þau. Mér finnst mjög spennandi og skemmtilegt að vera háður veðri og náttúru í þessu. Þetta er útivist frá morgni til kvölds og dagarnir eru langir en skemmtilegir. Ég er líka aðeins í stangveiði og fer á rjúpu bæði fyrir austan og á húnvetnsku heiðunum," segir Arnar.

## Útivist og skógrækt

Óhætt er að segja að hvers kyns útivist sé sameiginlegt áhugamál fjölskyldunnar. Þau eiga stóran og mikið breyttan jeppa og ferðast víða um hálendið og upp á jökla.

„Við njótum þess að fara á staði þar sem fáir aðrir koma og ferðumst um hálendið jafnt á sumrin og veturna. Landið er gríðarlega fallegt í vetrarbúningi ekki síður en á sumrin. Útivist af þessu tagi gerir mér kleift að kúpla mig alveg frá vinnu. Ég hef alltaf verið í krefjandi störfum og þetta er mín leið til að hvílast frá þeim. Þegar maður er á fjöllum verður allt svo einfalt. Þetta snýst um að nærast og ferðast frá einum stað til annars í sátt við náttúruöflin. Hugurinn er bara hér og nú og snýst ekkert um vinnuna. Við förum líka á skíði bæði hér heima og erlendis og það býr líka til mjög skörp skil milli vinnu og frítíma. Þegar maður kemur aftur til vinnu og hefur gleymt lykilorðinu í tölvunni er markmiðinu náð," segir Arnar.

Föðurfjölskylda hans leggur stund á skógrækt á heimaslóðunum í Miðfirði og Arnar og fjölskylda taka þátt í henni. Arnar segir það verkefni mjög gefandi.

„Það er mikil og gömul skógrækt í Skriðdalnum en föðurfjölskyldan byrjaði að rækta í Miðfirðinum fyrir um tíu árum síðan. Við erum að gróðursetja birki, greni og furu í um 40 hektara lands og það er ljóst að þar verða næg verkefni fyrir börn og barnabörn ef þau kjósa að halda þessu áfram. Við erum með mjög einfalt athvarf til að gista í fyrir norðan og

það hentar mér mjög vel. Við sækjum líka mikið í sumarhús tengdafjölskyldunnar í Fljótshlíðinni," segir hann.

## Stoltur af börnunum

Síðast en ekki síst á handbolta hug og hjörtu fjölskyldunnar. Arnar æfði sjálfur handbolta á yngri árum og Gerður Beta lék handbolta með Val og landsliðinu. Sonurinn Arnar Freyr er landsliðsmaður og atvinnumaður í handbolta. Hann hefur leikið erlendis undanfarin sjö ár, fyrst í fjögur ár í Svíþjóð og Danmörku og síðustu þrjú árin í efstu deild í Þýskalandi. Hann er nú leikmaður Melsungen.

„Það fer mikill og skemmtilegur tími í að eiga barn sem hefur náð langt í handbolta. Arnar er hryggjarstykkið í vörninni í landsliðinu og leikur með því ýmist á EM eða HM í janúar ár hvert. Við fylgjum honum alltaf á þessi mót og pabbi hefur líka verið gríðarlega duglegur að ferðast til að fylgjast með stráknum. Handboltinn virðist bara vera í genunum því Ásrún Inga spilar handbolta með Val og U-17 ára landsliðinu. Sú yngsta, Eyrún Anna, er nemi í Árbæjarskóla. Hún er mikil áhugamanneskja um íþróttir og gæti orðið góður íþróttafréttamaður því hún veit bókstaflega allt um íþróttir. Við erum ákaflega stolt af þessum börnum," segir Arnar.



Arnar nýtur veðurblíðu í ægifygru landslagi á Vatnajökli.



## Lýðræðið og kjörnir fulltrúar undir þrýstingi



Anna Guðrún Björnsdóttir  
Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs  
Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samfélagsbreytingar undanfarinna ára hafa leitt til þess að bilið á milli einstakra þjóðfélagshópa hefur breikkað og um leið er hætta á aukinni tortryggni og úlfuð á milli hópa, svo sem á milli

hálauna- og lágláunahópa, innflytjenda og upprunalegra íbúa, íbúa í þéttbýli og dreifbýli og svo framvegis. Samhliða verða kjörnir fulltrúar og hið hefðbundna lýðræðisform fyrir aukinni gagnrýni sem kemur sérstaklega fram í nafnlausum orðsendingum á samfélagsmiðlum.

### Lýðræðislegar áskorarnir og mikilvægi samráðsmenningar

Öfgafullar stjórn málahreyfingar, sem kenna sig einkum við þjóðerniskenningar, hafa náð að festa sig í sessi í þessu umhverfi. Þessi þróun hefur átt sér stað í flestum Evrópuríkjum og þess vegna hefur Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins lagt áherslu á stuðning og aðgerðir til að bregðast við þessum ógnunum við lýðræði í álfunni. Áherslusvið þingsins eru meðal annars að stuðla að aukinni samráðshefð innan sveitarfélaga sem

er talið eitt áhrifamesta úrræðið til að byggja upp traust á milli hópa og gagnvart pólitískt kjörnum valdhöfum. Einn mikilvægasti þátturinn í því er að sveitarfélög beiti sér fyrir því að fá ólíka hópa til að ræða saman og við sveitarfélagið á frumstigi úrlausnarefna á jákvæðan og skapandi hátt. Samsköpun (e. co-creation) er aðferðafræði sem evrópsk sveitarfélög hafa í vaxandi mæli stuðst við til að ná sátt í samfélaginu um erfið og flókin úrlausnarefni þar sem nauðsynlegt er að fá aðila úr ólíkum áttum til að leggjast á árarar. Gefin er innsýn í þessa aðferðafræði í Sveitarfélagaskólanum í námskeiði um heimsmarkmiðin og fleiri þverfagleg stjórn tæki.

Þá er tilefni til að vekja athygli á Evrópsku lýðræðisvikunni (European Local Democracy Week/ELDW) sem er aðgerð



á vegum Sveitarstjórnarþingsins til að hvetja sveitarfélög til aukins samráðs. Hún beinist að því að sveitarfélög skipuleggi samráðsviðburði sem náí hámarki í vikunni í kringum 15. október en á þeim degi var Evrópusáttmáli um sjálfstjórn sveitarfélaga opnaður til undirritunar.

Yfirskrift ELDW í ár er: *Local communities: putting democratic resilience at the forefront.*

### Illt umtal og áreitni í garð kjörinna fulltrúa

Sífelld meira krefjandi starfsaðstæður kjörinna fulltrúa hafa einnig verið sérstakt áherslusvið hjá Sveitarstjórnarþinginu undanfarin ár. Það tók þátt í evrópsku rannsóknarverkefni sem fól meðal annars í sér að um 200 þingfulltrúar deildu reynslu sinni og skoðunum á því hvernig sé hægt að verjast

hatursumræðu og falsfréttum. Á haustþingi Sveitarstjórnarþingsins 2022 voru þessi mál á dagskrá og voru samþykktar ályktanir og skýrsla um áhrif hatursumræðu og falsfrétta á starfsaðstæður kjörinna fulltrúa, sem byggir á evrópska rannsóknarverkefninu. Í skýrslunni kemur fram að hatursumræða og falsfréttir á netinu hafi aukist á Covid-tímanum þegar öll samskipti við íbúa og pólitísk barátta færðust yfir á netið. Virðist sem möguleikinn á nafnleynd á netinu kyndi undir slíka umræðu og algoðmar og greiddar auglýsingar hafi jafnvel þau áhrif að slíkar fréttir fá meiri útbreiðslu en sannar fréttir. Stríðið í Úkraínu hefur líka magnað upp slíka umræðu og fréttaflutning og það eru vaxandi áhyggjur af því að hatursumræða og falsfréttir á netinu geti þróast yfir í það að kjörnir fulltrúar verði fyrir líkamlegu ofbeldi.

Kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi í Úkraínu hafa verið sérstakt skotmark

”

Öfgafullar stjórn mála-hreyfingar, sem kenna sig einkum við þjóðerniskenningar, hafa náð að festa sig í sessi í þessu umhverfi. Þessi þróun hefur átt sér stað í flestum Evrópuríkjum og þess vegna hefur Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins lagt áherslu á stuðning og aðgerðir til að bregðast við þessum ógnunum við lýðræði í álfunni.



HÓTEL REYKJAVÍK  
GRAND



## HÓTEL REYKJAVÍK GRAND FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU- OG FUNDARAÐSTAÐA

Okkar markmið er að þinn fundur eða viðburður gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur. Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.



fyrir falsfréttir og hatursumræðu af hálfu Rússa og í kjölfarið hafa þeir verið beittir ofbeldi, frelsisskerðingu og jafnvel verið myrtir.

Í skýrslunni er tiltekið að nálægðin við fólk í sveitarfélögum geri kjörna fulltrúa á sveitarstjórnarstigi sérstaklega útsetta gagnvart hatursumræðu og falsfréttum sem geti síðan þróast yfir í líkamlegt ofbeldi gagnvart þeim. Þetta fyrirbæri sé ógnun við staðbundið lýðræði og eitri andrúmsloftið í kringum stjórnarmál. Í ályktuninni er því beint til sveitarfélaga að til verði þekking, innan þeirra og á vettvangi samstarfs þeirra, til að hægt sé að stemma stigu við þessari þróun. Kjörnir fulltrúar þurfi að fá fræðslu um birtingarform hatursumræðu og falsfrétta og rétt viðbrögð. Jafnframt þurfi að veita þeim stuðning til að tryggja líkamlega og andlega heilsu þeirra. Í ályktuninni er þess farið á leit við ráðherranefnd Evrópuráðsins að hvetja aðildarríki til að setja markvissa stefnu á landsvísi um hvernig bregðast eigi við hatursumræðu og falsfréttum sem beinast að kjörnum fulltrúum með lagalegum úrræðum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Endurskoða þurfi refsilöggjöf til að ná betur yfir þessi brot og tryggja að þau séu rannsökuð á fullnægjandi hátt og fái refsiréttarlega meðferð.

Verkefnisstjórn á vegum innviðaráðu-neytisins um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa skilaði í nóvember 2022 af sér umfangsmiklum tillögum til innviðaráðherra um aðgerðir til að bæta stöðu kjörinna fulltrúa á sveitarstjórnarstigi, þar á meðal tillögum um að styðja við kjörna fulltrúa gagnvart illu umtali og áreitni. Tillögurnar byggja á tveimur könnunum sem gerðar voru meðal kjörinna fulltrúa.



**Kannanirnar leiddu í ljós að illt umtal og áreitni eru vandamál fyrir töluverðan hluta kjörinna fulltrúa.**



Kannanirnar leiddu í ljós að illt umtal og áreitni eru vandamál fyrir töluverðan hluta kjörinna fulltrúa. Rúmlega 26 prósent höfðu upplifað ógnandi hegðun vegna eða í tengslum við starf sitt sem kjörnir fulltrúar. Reyndar kvarta kjörnir fulltrúar meira yfir neikvæðum samskiptum innan sveitarstjórna heldur en áreitni frá almenningi.

Alls áttu 35 prósent kjörinna fulltrúa í samskiptavanda á síðasta kjörtímabili, oftast (86%) við kjörinn fulltrúa í eigin sveitarfélagi. Hátt í fjórðungur hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni á tímabilinu, oftast (35%) af hendi kjörins fulltrúa í öðru sveitarfélagi. Nánast jafnalgengt er að kjörnir fulltrúar hafi orðið fyrir kynbundnu áreitni (23,4%) og kynferðislegu áreitni. Með sama hætti er algengara að konur hafi orðið fyrir kynbundnu áreitni (42%) heldur en karlar (34%). Þegar litið er til geranda sleppir líkindum á milli kynferðislegrar- og kynbundinnar áreitni því algengast er að kynbundin áreitni eigi rætur að rekja til almennings (25 tilvik af 82), ekki annarra kjörinna fulltrúa. Algengast var að myndir/ummæli með kynferðislegum eða kynbundnum vísunum hafi birst á samfélagsmiðlum (12 tilvik af 17). Samkvæmt mælingu könnunarinnar hafði

samskiptavandi/einelti/áreitni og ofbeldi það sem þátttakendur höfðu upplifað töluverð áhrif á störf þeirra og daglegt líf.

Um 44 prósent svarenda höfðu íhugað að hætta í sveitarstjórn, þar af voru 47 prósent konur og 41 prósent karlar. Um þriðjungur sögðust hafa dregið úr notkun á samfélagsmiðlum og þriðjungur gáfu ekki kost á sér á næsta kjörtímabili. Einn af hverjum fjórum sögðust hafa fundið fyrir þværrandi sjálfstrausti. Þar af voru mun fleiri konur, 32 prósent, en 19 prósent karlar. Fjórðungur þátttakenda höfðu forðast mannamót og 18 prósent sögðust upplifa óöryggi í starfi. Áttán prósent sögðust hafa dregið sig til hlés í umræðum í starfi og loks sögðust 12 prósent hafa breytt daglegum venjum sínum. Í heildina höfðu upptaldir afleiðingar mun meiri áhrif á konur en karla.

Verkefnisstjórnin lagði fram nokkrar tillögur til að bregðast við þessum vanda. Meðal annars að sett verði á laggirnar miðlægt fagteymi til að styðja við kjörna fulltrúa bæði í sveitarstjórnnum og á Alþingi. Enn fremur er lögð áhersla á fræðslu til sveitarstjórnarfulltrúa í gegnum Sveitarfélagaskólann og hjá sveitarfélögum sjálfum.



## Nýtt starfsfólk hjá sambandinu

**Þær Huguín Geirsdóttir og Gyða Einarsdóttir hafa tekið til starfa á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga.**



**Huguín Geirsdóttir**, hefur verið ráðin í starf verkefnisstjóra í umhverfis- og úrgangsmálum. Staðan heyrir undir lögfræði- og velferðarsviði. Huguín er umhverfisfræðingur að mennt og starfaði áður sem sérfræðingur hjá teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun.

Þau sem vilja hafa samband vegna verkefna sveitarfélaga á sviði umhverfis- og úrgangsmála geta haft samband við

Huguínu ([hugrun@samband.is](mailto:hugrun@samband.is)) eða Eygerði Margrétardóttur ([eygerdur@samband.is](mailto:eygerdur@samband.is)) sem starfað hefur í málaflokknum um árabíl.

### Grænar og snjallar lausnir



Þá hefur tekið hefur til starfa hjá sambandinu **Gyða Einarsdóttir**, verkefnisstjóri grænna og snjallra verkefna. Starfið tengist aðgerð C.03. Grænt og snjallt Ísland í byggðaaætlun og felur í sér styrkjasókn

í þágu íslenskra sveitarfélaga í evrópska sjóði á sviði umhverfis-, loftslags- og stafrænna mála. Starfið snýst um að þróa

verkefnahugmyndir, finna samstarfsaðila innanlands og utan og sækja um styrki til að fjármagna verkefni á þessum sviðum. Starfið felur einnig í sér að fylgja eftir verkefnum sem verða styrkt. Starfið er á þróunar- og alþjóðasviði. Gyða er menntuð sem kennari og alþjóðastjórn málafræðingur og hefur margra ára reynslu af þátttöku Íslands í Evrópuáætlunum. Nú síðast starfaði hún hjá Rannís sem landstengiliður Íslands fyrir LIFE, umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins.

Ef þið viljið vita meira um þessi tækifæri, og í hverju þátttaka í þessum áætlunum felst, hvetjum við ykkur til að hafa samband við Gyðu og fá að heyra meira ([gydae@samband.is](mailto:gydae@samband.is)).

## Reynslunni ríkari – málþing um skólamála

**Hilton Reykjavík Nordica – mánudaginn 30. október kl. 09.30-15.30**

Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og barnamálaráðuneytið, innviðaráðuneytið og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið boða til málþings um skólamála 30. október kl. 9.30–15.30 á Hilton Reykjavík Nordica. Á málþinginu verða kynntar niðurstöður úttektar á þróun skólustarfs og þjónustu

við börn frá því að grunnskólar fluttust frá ríki til sveitarfélaga.

Málþingið er haldið í framhaldi af Skólaþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 2021 sem haldið var í tilefni þess að 25 ár voru þá liðin frá yfirfærslu grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga árið

1996. Á þeim tímamótum undirrituðu þrír ráðherrar ásamt formanni stjórnar sambandsins viljayfirlýsingu um samstarf um framkvæmd úttektar á þróun skólustarfs og þjónustu við börn

Niðurstöður úttektarinnar liggja nú fyrir og verða til umfjöllunar á málþinginu.



Frá undirritun viljayfirlýsingarinnar þann 8. nóvember 2021. Ráðherrar Lilja Alfreðsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson og Ásmundur Einar Daðason undirrituðu viljayfirlýsingu fyrir hönd ríkisins og Aldís Hafsteinsdóttir, þáverandi formaður sambandsins, fyrir hönd sveitarfélaganna. Ljósmynd: Ingibjörg Hinriksdóttir.



Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, lætur af störfum hjá sambandinu

# Erum á réttri leið í fjármálastjórnun en getum gert miklu betur

Eftir Garðar H. Guðjónsson

Ég get lofað þér því að ég mun ekki eyða ellinni í að horfa á sjónvarpið. Ég hef kennt við Háskóla Íslands um áratugaskeið og mun halda því áfram. Ég á mér auk þess alls kyns áhugamál. Ég gerði það upp við mig fyrir nokkrum árum að ég myndi ekki starfa lengur en til sjötugs en mér finnst þetta ágætur tímunktur til að láta af störfum hjá sambandinu. Hér eru að verða miklar

skipulags- og áherslubreytingar svo það er ágætt að nýtt fólk taki nú við. Ég treysti þeim sem tekur við fyllilega fyrir þessum verkefnum, segir Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, við Sveitarstjórnarmál. Hann lætur af störfum hjá sambandinu eftir fjármálaráðstefnuna nú í september eftir að hafa stýrt sviðinu frá 2016.

Sigurður varð 68 ára í apríl síðastliðnum og segist hlakka til að hætta störfum hjá sambandinu.

„Ég hef lengi unnið við kennslu og ritstörf meðfram aðalstarfi. Ég vinn nú að því að uppfæra bókina Haglýsing Íslands sem kom fyrst út 1993 og hefur verið prentuð nokkrum sinnum síðan. Ég vonast til að nýja útgáfan komi út á næsta ári. Ég hef kennt þessa bók við háskólann og held því áfram. Ég er við góða heilsu og hlakka til að hafa meiri tíma til að sinna kennslunni, fræðimennskunni og áhugamálanum betur en ég hef getað hingað til“ segir hann.

Með Sigurði fer mikil þekking og reynsla af fjármálum og starfsemi sveitarfélaga frá sambandinu en þess ber að geta að nýverið hafa Karl Björnsson framkvæmdastjóri og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, hætt störfum hjá sambandinu.

„Það má segja að þetta sé ákveðin blóðtaka en ég er viss um að sambandið mun ná vopnum sínum á nýjan leik. Nú kemur inn nýtt fólk með nýjar hugmyndir og ég treysti því fullkomlega. Allt að einu er það þannig að hér starfar úrvalsfólk og við höfum á síðustu árum verið að fá inn nýtt starfsfólk sem er alveg í hæsta gæðaflokki, að mínu mati.“

## Valsari í Vesturbænum

Foreldrar Sigurðar voru Ármann Snævarr, prófessor og hæstaréttardómari með meiru, og Valborg Sigurðardóttir, sem var skólastjóri Fósturskólans um áratuga skeið. Hann er fæddur og uppalinn Vesturbæingur, fæddist á Hagamel en ólst lengst af upp á Aragötunni þar sem foreldrar hans reistu sér hús. Nú skyldi maður ætla að Vesturbæingurinn væri KR-ingur af öllu hjarta en svo er alls ekki.

„Vinir mínir voru allir í KR en ég hef alltaf verið Valsari, líklega eini Valsarinn í Vesturbænum. En milli mín og Vals var heill flugvöllur svo ég æfði lítið með Val. Ég var iðulega leiddur heim í lögregluflugd eftir að hafa reynt að stytta mér leið yfir flugvöllinn á æfingar. Svo

ég æfði dálítið fótbolta með Þrótti og KR en Valshjartað í mér hafði alltaf dálítið samviskubit yfir því. Þannig er ég bara, trúr því sem ég er að gera í leik og starfi og læt hjartað ráða,“ rifjar Sigurður upp.

## Hljóp frá vandanum

Íþróttasaga Sigurðar er þó ekki bundin við æskuárin því hann tók upp á því á miðjum aldri að hlaupa og hefur síðan hlaupið maraþon tíu sinnum.



Sigurður og Eydis Kr. Sveinbjarnardóttir eiginkona hans ásamt börnum, tengdabörnum og barnabörnum.

„Ég hljóp síðast maraþon á Kúbu árið 2000 en er hættur því núna þótt ég hreyfi mig ennþá heilsunnar vegna. Ég reykti mikið þegar ég var yngri en á fertugsaldri ákvað ég að söðla um, hætti að reykja og fór að hlaupa í staðinn. Svo fann ég nú upp á því að skilja og byrjaði aftur að fíkta við reykingar en hætti því svo og fór aftur að hlaupa. Ég hef ekki reykt núna í mörg ár og langar ekkert til þess. Þegar ég var sem mest í maraþonhlaupum fékk ég mér að vísu vindil eftir hlaup en meira var það nú ekki. Það má segja að ég hafi hlaupið frá reykingunum.“

Það er gaman að segja frá því að þegar ég hætti að reykja skrifaði ég fasta dálka í Morgunblaðið um efnahags- og lífeyrismál. Svo skrifaði ég grein sem bar yfirskriftina „Að hlaupa frá vandanum“. Ég var á Þjóðhagsstofnun þegar þetta var en stofnunin heyrði undir forsætisráðuneytið

þar sem Steingrímur Hermannsson réði þá ríkjum. Steingrímur hrökk dálítið við þegar hann sá fyrirsögnina og hélt að ég væri eitthvað að bauna á ríkisstjórnina en varð mjög feginn þegar hann komst að því að ég var ekkert að skamma ríkisstjórnina heldur bara að tala um að hætta að reykja og byrja að hlaupa í staðinn. Vandinn var sem sagt ekki efnahagsvandinn og hlauparinn ekki ríkisstjórn Steingríms heldur bara ég, ef mig skyldi kalla,“ segir Sigurður.

## Gott að búa á Akureyri

Hann býr nú vestast í Vesturbænum ásamt eiginkonu sinni, Eydísu Kr. Sveinbjarnardóttur geðhjúkrunarfræðingi, prófessor við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands. Þau eiga fjögur uppkomin börn og þrjú barnabörn. En því fer fjarri að Sigurður hafi aldrei hleypt heimdraganum úr vestanverðri borginni.

”

Allt að einu er það þannig að hér starfar úrvalsfólk og við höfum á síðustu árum verið að fá inn nýtt starfsfólk sem er alveg í hæsta gæðaflokki, að mínu mati.



„Ég hef búið erlendis og bæði í Breiðholti og Laugarnesinu. Ég hef alveg lifað þetta af og reyndar komist að því að það er víða lygnara en í Vesturbænum. Mamma var mikill Vesturbæingur og var ekki allskostar sátt með flutning okkar í Breiðholtið. En meira að segja hún varð að viðurkenna veðursældina þar. Svo þjuggum við Eydís á Akureyri um tíma þegar hún var forseti heilbrigðisvísindasviðs háskólans þar. Það var gott að búa fyrir norðan. Svo eigum við sumarbústað í Svinadal í Hvalfjarðarsveit. Það er reyndar skrítið að kalla það sumarbústað því við notum hann miklu meira á veturna en sumrin. Á sumrin erum við á flækingi um landið og í útlöndum en á veturna sækjum við mikið í Svinadalinn og þá ekki síst til að vinna í friði. Ég hef alltaf unnið mikið og verið samtímis í fleiri en einni vinnu. Mín lukka er að Eydís mín er mikill vinnuhestur og kallar ekki allt ömmu sína í þeim efnum,“ segir hann.

## Langur og farsæll ferill

Meðal áhugamála Sigurðar eru stangaveiði, matreiðsla, bókmenntir og listir og síðast en ekki síst efnahags- og stjórnmál. Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1974 stundaði hann nám í hagfræði, tölfræði og stærðfræði við háskólann í Lundi í Svíþjóð og lauk Fil.kand. gráðu. Síðan lá leiðin í hagfræðinám við London School of Economics and Political Science og útskrifaðist hann þaðan með M.SC (Econ) í hagfræði. Á árunum 1979-1981 stundaði hann nám og rannsóknir á doktorsstigi við Queen Mary College í London og 2001-2008 var hann með vinnu við nám í fjármálum til meistaraþrófs við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Sigurður átti langan og farsælan starfsferil áður en hann réðst til starfa hjá sambandinu. Hann hefur verið stundakennari við Háskóla

Íslands, Háskólann á Akureyri og Tækniskóla Íslands. Hann starfaði um árabíl hjá Þjóðhagsstofnun og var borgarhagfræðingur hjá Reykjavíkurborg 2001-2010. Þá tók við starf sem efnahagsráðgjafi forsætisráðherra til tveggja ára. Að því búnu starfaði Sigurður sem verkefnisstjóri hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkissáttasemjara og var hagfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu um skamma hríð áður en hann gerðist sviðsstjóri hjá sambandinu.

„Ég átti góðan tíma hjá borginni og eignaðist þar góða vini. Þegar hrúnið varð 2008 lenti ég í hringiðu fjármála borgarinnar og starfaði náði með Birgi Birni Sigurjónssyni sem þá var fjármálastjóri. Það var mikið verk að lóðsa borgina í gegnum hrúnið. Árin tvö í forsætisráðuneytinu með Jóhönnu Sigurðardóttur í kjölfar hrunsins voru líka mjög forvitnilegur tími. Það var óskaplega





mikið að gera á þessum tíma en ég hefði ekki viljað missa af þessu skeiði í lífi mínu,” segir Sigurður.

## Greiningarvinna og ráðgjöf

Verkefni hag- og upplýsingasviðs lúta einkum að fjármálum og rekstri sveitarfélaga. Því er meðal annars ætlað að safna og miðla upplýsingum um rekstur og fjármál og fjalla um tekjustofna sveitarfélaga. Þegar Sigurður hóf störf hjá sambandinu voru sveitarfélögin flest farin að sjá til lands eftir efnahagshrunið.

„Við á hag- og upplýsingasviði erum mikið í greiningarvinnu og ráðgjöf til sveitarfélaga hvað varðar fjármál og rekstur. Við söfnum einnig margvíslegum gögnum um sveitarfélögin og sinnum almennri hagsmunagæslu fyrir þau á ýmsum sviðum, ekki síst gagnvart ríkisvaldinu.

Fyrstu árin eftir að ég kom til sambandsins voru fjármál sveitarfélaga í þokkalegu standi en það var og er engu að síður margt sem þarf að takast á við hvað varðar fjármál og rekstur sveitarfélaga. Hrunið hafði langvarandi áhrif á fjármál hins opinbera. Innviðafjárfestingar minnkuðu til muna, viðhaldi á mannvirkjun var frestað og þar er eflaust komin að hluta til skýringin á því hve algengt er að raki og mygla komi upp í húsnæði hins opinbera. Svo kom Covid-faraldurinn og reyndist ríki og sveitarfélögum mjög þungur í skauti. Við erum enn að vinna úr því.“

## Miklar áskoranir

„Við stöndum frammi fyrir miklum áskorunum í samskiptum við ríkisvaldið. Við erum meðal annars að ræða við ríkið um hvernig það getur komið til móts við sveitarfélögin vegna þjónustu við fatlað fólk. Sveitarfélögin sitja uppi með uppsafnaðan halla upp á 40 milljarða króna frá því málaflökkurinn var fluttur til þeirra 2011. Bara árið 2021 voru útgjöld til málaflöksins 14 milljörðum meiri en tekjurnar. Þetta er þungur baggi. Verkefnið er að tryggja fötluðum góða þjónustu en um leið koma í veg fyrir taumlausan vöxt útgjalda.



Einn vænn úr Laxá í Mývatnssveit.

”

Vandinn er sá að við setningu laga og reglugerða fer ekki fram nógu vandað mat á því hvað breytingar muni kosta sveitarfélögin. Það er mjög slæmt og að mínu mati þarf ríkið að vanda sig miklu betur að þessu leyti. Það er of losaralega að þessu staðið og nauðsynlegt að gera á því bragarbót.

Sveitarfélögin tóku við málaflökknum af fullum metnaði og vildu gera vel. Síðan hafa verið gerðar íþyngjandi breytingar á löggjöf sem hafa aukið kostnað. Vandinn er sá að við setningu laga og reglugerða fer ekki fram nógu vandað mat á því hvað breytingar muni kosta sveitarfélögin. Það er mjög slæmt og að mínu mati þarf ríkið að vanda sig miklu betur að þessu leyti. Það er of losaralega að þessu staðið og nauðsynlegt að gera á því bragarbót.

Hafa verður í huga að um er að ræða viðkvæman málaflökk. Fatlaðir hafa ríkan rétt til þjónustu og algengt er að höfðað sé mál á hendur sveitarfélögum sem standa ekki fyllilega undir kröfunum. Sveitarfélög hafa tapað slíkum málum og það er sannarlega önuget að standa í málaferlum við íbúana,” bendir Sigurður á.



Eitt af stóru atriðunum er að auka fyrirsjáanleika í rekstri. Sveitarfélög búa við miklar sveiflur í tekjustofnum. Jöfnunarsjóður er gott dæmi um það. Við þurfum meiri fyrirsjáanleika og aga í fjármálastjórnun og efnahagsmálum almennt.

Hann nefnir einnig að kjaramál hafi verið sveitarfélögunum erfið á undanföllum árum.

„Starfsemi sveitarfélaga er mjög vinnuafrek. Þannig starfa ívið fleiri hjá sveitarfélögum en ríkinu þótt umsvif ríkisins séu þreföld á við sveitarfélaganna. Það er líka þannig að mörg störf hjá sveitarfélögum eru

láglaunastörf og þegar fram koma eðlilegar kröfur um hækkun lægstu launa reynist það sveitarfélögunum dýrt. Mikil verðbólga og háir vextir að undanförmu hafa svo að sjálfsögðu komið illa við fjárhag sveitarfélaga. Á móti kemur að tekjur þeirra eru að vaxa býsna hratt. Staðgreiðslutekjur fyrstu 7-8 mánuði ársins eru til dæmis 15-16 prósent meiri en á sama tíma í fyrra.“

### Örari upplýsingagjöf

Sigurður segir skort á samtíma-upplýsingum um fjármál sveitarfélaga hamla greiningu á þeim. Sambandið þyrfti að hafa meira af samtímaupplýsingum um hag sveitarfélaga og einstaka þætti í rekstri þeirra.

„Við vinnum með upplýsingar úr ársreikningum 2022 og greinum út frá þeim en höfum miklu minni upplýsingar um reksturinn á yfirstandandi ári. Við þurfum að stórauka þá upplýsingaöflun

og höfum verið að vinna að því að fá tölur reglulega frá sveitarfélögunum inn í kerfið hjá okkur. Við höfum verið að undirbúa að fá mánaðarlega upplýsingar um launagreiðslur inn í „gagnalónið“ okkar. Það er mikilvægt við gerð kjarasamninga að við höfum aðgang að nýjustu upplýsingum um launagreiðslur og getum þannig metið kostnað við mögulegar breytingar á kjarasamningum. Við viljum afla upplýsinga beint frá sveitarfélögunum nánast í rauntíma og erum að vinna að því. Þetta er fremur flókið en ekki óyfistíganlegt.“

### Nýja sambandið

Sigurður segir þetta mikla áskorun fyrir sambandið en ferskari upplýsingar geti nýst því vel í hvers kyns hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin.

„Við getum líka miðlað þessu upplýsingum til sveitarfélaganna þannig að þau geti borið sig saman við önnur sveitarfélög út frá nýjum og réttum tölum sem skipta máli. Þetta sjónarmið hefur komið skýrt fram í þeirri rýningarvinnu í aðdraganda skipulagsbreytinga sem við höfum verið í og verður ákveðið leiðarljós í nýja sambandinu.“

### Nýja sambandinu?

„Já, í ljósi þeirra miklu manna- og skipulagsbreytinga sem eru að verða á sambandinu er alveg óhætt að orða það svo.“

Sigurður telur mikilvægt að gera breytingar á lögum um fjármál sveitarfélaga og stuðla að árangursmiðaðri fjármálastjórnun.

„Eitt af stóru atriðunum er að auka fyrirsjáanleika í rekstri. Sveitarfélög búa við miklar sveiflur í tekjustofnum. Jöfnunarsjóður er gott dæmi um það. Við þurfum meiri fyrirsjáanleika og aga í fjármálastjórnun og efnahagsmálum almennt. Við getum náð því fram með bættum vinnubrögðum og meiri fagmennsku.“



Bera og Gunnar Ármann í veiðivestum með afa.





Þorvaldur - effect.is

# Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2024

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila

## Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- Öryggi ferðamanna.
- Náttúruvernd og uppbyggingu.
- Viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru.
- Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.

## Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsæða eða annarra ferðamannastaða.
- Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
- Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.

## Gæði umsókna

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvítvetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem finna má á vefsíðu Ferðamálastofu [www.ferdamalastofa.is/umsoknir](http://www.ferdamalastofa.is/umsoknir).

## Hvar ber að sækja um

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum [island.is](http://island.is) en hlekkur á umsókn er á vefsíðu Ferðamálastofu [www.ferdamalastofa.is/umsoknir](http://www.ferdamalastofa.is/umsoknir).

## Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 11. september til kl. 13 fimmtudaginn 19. október. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álitá.



**Ferðamálastofa**  
Icelandic Tourist Board

Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

[upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is)

*Hefur fagmennska í fjármálastjórnun þá ekki aukist frá því í hrúinu?*

„Mikil ósköp, fjármálastjórnun hefur orðið faglegri með árunum en við getum gert miklu betur. Við þurfum líka að stórefla rannsóknir um fjármál sveitarfélaga, segja söguna og tryggja að fólk læri af reynslunni, bæði því sem vel er gert og því sem miður hefur farið. Gullna reglan í áætlanagerð er að meta tekjur varlega en útgjöld ríflega. Við höfum séð sveitarfélög gera þetta alveg öfugt, ofmeta tekjur og vanáætla útgjöld. Það er auðvitað freistandi að vinna þannig en reynslan sýnir að það kann ekki góðri lukku að stýra,“ segir Sigurður.



Eydis og Sigurður að njóta lífsins á gondóla í Feneyjum.



# Grá svæði í málefnum fatlaðs fólks



Iðunn Berta Magnúsdóttir  
Lögfræðingur frá lagadeild Háskólans í  
Reykjavík.



Á Íslandi leikur starfsemi sveitarfélaga stórt hlutverk í daglegu lífi fólks. Sveitarfélög veita opinbera þjónustu sem hefur aukist mikið á undanförunum árum. Viðamikil verkefni hafa verið færð frá ríkinu yfir til sveitarfélaga og bendir ekkert til þess að lát verði á því. Árið 2011 voru málefni fatlaðs fólks flutt frá ríkinu yfir til sveitarfélaga. Sveitarfélög bera sömu lagaskyldur þrátt fyrir að vera bæði misjöfn að stærð og íbúafjölda. Ekki er þörf á að fara mörgum orðum um að stærri sveitarfélög eru betur í stakk búin að takast á við aukinn fjölda verkefna og aukna ábyrgð en þau minni. Reynsla margra sveitarfélaga er sú að til þess að geta sinnt sínu hlutverki hafa þau sameinast öðrum sveitarfélögum.

Margir tala um Ísland sem velferðarríki og reynum við sem hér búum að halda fast í þá ímynd. Misfellur í verkaskiptingu og fjármögnun ríkis og sveitarfélaga verða oft til þess að grá svæði myndast í opinberri þjónustu. Þessi gráu svæði ganga gegn þeirri meginreglu að hagsmunir notenda eigi ætíð að vera í forgrunni

hjá ríki og sveitarfélögum. Eitt af meginmarkmiðum þess að færa málaflokk fatlaðs fólks frá ríkinu til sveitarfélaga var að tryggja samfellu og samþættingu í þjónustu. Þrátt fyrir það markmið eru grá svæði innan málaflokksins enn fyrir hendi og eru hin óljósu ábyrgðarskil milli ríkis og sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki skýrt dæmi þess.

Stjórnarskrá Lýðveldisins, æðsta réttarheimild okkar Íslendinga, veitir mannréttindum borgaranna sérstaka vernd. Réttur fatlaðs fólks er til að mynda varinn af mannréttindaákvæðum 76. gr. og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrárinnar gildir um alla handhafa ríkisvalds við allar þær ákvarðanir þar sem þeir beita valdi sínu. Á grundvelli jafnræðisreglunnar hvílir á ríkinu jákvæð skylda um að tryggja að fatlað fólk njóti, eins mikið og kostur er, fullra mannréttinda. Einnig er hér vert að minnast á að Ísland hefur fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um rétt fatlaðs fólks og þar með skuldbundið sig til að tryggja fötluðu fólki þau réttindi sem samningurinn hefur að geyma,

en til þess hefur þurft að aðlagja íslenska löggjöf að ákvæðum samningsins þar sem samningurinn hefur ekki verið lögfestur hér á landi. Af bæði lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 er skýrt að sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk. Sveitarfélögum ber því að taka ákvarðanir um þjónustu við fatlað fólk í samræmi við framangreind lög en einnig eru þau bundin af stjórnsýslulögum nr. 37/1993 við töku slíkra ákvarðana.

Fatlað fólk býr við kerfislegan vanda sem orsakast helst af því að veitendur þjónustu vísa ábyrgð hvor á annan og vinna ekki nægilega vel saman. Fyrir liggur að sveitarfélögum hefur verið falið það verkefni með lögum að sinna málefnum fatlaðs fólks. Hvergi kemur fram í lögum að sveitarfélögum sé skylt að veita heilbrigðisþjónustu og af löggjöfinni einni er óljóst hver nákvæmlega ber ábyrgð á því að veita heilbrigðisþjónustu. Hér liggur kjarni gráa svæðisins.

Sveitarfélög telja sér ekki heimilt að veita heilbrigðisþjónustu þar sem það verkefni er samkvæmt lögum hjá ríkisvaldinu og ber ríkið því í reynd ábyrgðina. Réttarframkvæmd héraðs hefur verið sú að dómstólar telja löggjafann vera búinn að uppfylla sínar skyldur með því að tryggja þessi réttindi með lögum. Dómstólar fara ekki í það að meta efnislega hvort réttindi fatlaðs fólks séu tryggð í reynd. Dómstólar hafa ekki verið að taka beina afstöðu til þess hvort framkvæmd sveitarfélaga, þegar kemur að þjónustu við fatlað fólk á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, brjóti gegn 76. gr. eða 65. gr. stjórnarskrárinnar. Dómstólar hafa frekar rökstutt sínar niðurstöður með því að vísa til þess að sveitarfélög hafi sjálfstjórnarrétt á grundvelli 78. gr. stjórnarskrárinnar og forræði yfir eigin tekjustofnum og þar með sé það undir sveitarfélögunum komið hvernig þau forgangsraða verkefnum sem þeim hefur verið falið að lögum, þar með talið í málefnum fatlaðs fólks.

Í meistararitgerð minni um hin óljósu ábyrgðarskil ríkis og sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki var einblínt á mörk félagsþjónustu og heimahjúkrunar, þjónustuþörf í NPA og ungt fólk á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Skörun á félagsþjónustu sveitarfélaga og heimahjúkrun verður einna helst vegna þess að sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd félagsþjónustunnar en ríkið ber alla jafna ábyrgð á heimahjúkruninni. Þar með ber sitthvort stjórnsýslustigið ábyrgð á framkvæmd þeirra nema um annað hafi sérstaklega verið samið. Í framkvæmd hefur reynst erfitt að draga línuna hvenær þjónusta er veitt á grundvelli einna laga frekar

en annarra. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er félagsleg grunnþjónusta og þjónusta á grundvelli þeirra laga skilgreind með ákveðnum tímafjölda, en sambærileg skilgreining er ekki til staðar fyrir önnur kerfi eins og heimahjúkrun.

Ákveðin tilhneiging er hjá þjónustustofnunum ríkisins til þess að skilgreina þjónustu sína eins þröngt og mögulegt er með þeim rökstuðningi að takmarkaðar fjárheimildir séu fyrir hendi til þess að sinna þjónustunni. Heilt yfir eru kröfur til þjónustu sveitarfélaga í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir ítarlega útfærðar, á meðan kröfur til sjúkra- og heilbrigðisstofnana eru vítt skilgreindar og almennt orðaðar sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lög um réttindi sjúklunga nr. 47/1997. Hefur þetta leitt til þess að fjölbreyttum þörfum fatlaðs fólks er ekki sinnt með viðunandi hætti þar sem óljóst er hver á að veita hvaða þjónustu. Telja verður að það vænlegra til árangurs að skilgreina betur í lögum hvernig félagsþjónustan og heimahjúkrun eiga að vinna saman og þar með eyða út þeim hvata sem nú er til staðar þar sem ríki og sveitarfélög skilgreina sig frá ákveðnum þáttum þjónustunnar. Horfa þarf á þetta sem eitt sameiginlegt verkefni sem bæði stjórnsýslustig vinna að. Að öðrum kosti væri unnt að líta til fordæmis Reykjavíkurborgar þar sem gerður var þjónustusamningur þess efnis að sveitarfélagið sinni jafnframt heimahjúkrun.

Á þetta einnig við þegar kemur að notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA). Afar erfitt er fyrir sveitarfélög að bera ábyrgð á að

fatlað fólk með NPA fái viðeigandi heilbrigðisþjónustu þegar ríkið, sem ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu, dregur lappirnar í þeim efnum. Skýra þarf aðkomu annarra þjónustukerfa, þá sérstaklega heilbrigðisþjónustu og ábyrgð ríkisins þegar kemur að því að veita einstaklingum með NPA viðeigandi þjónustu. Jafnframt þarf að afmarka betur þann hóp sem hefur kost á NPA. Samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir á einstaklingur rétt á NPA hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu við athafnir daglegs lífs og þeim þáttum sem því fylgja. Hvergi eru gerð skil á því hvenær þjónustuþörfin er orðin svo umfangsmikil að þjónusta annarra kerfa líkt og heilbrigðiskerfisins er orðin nauðsynleg. Með því að setja ákveðið þak á þann tímafjölda sem rúmast innan NPA er verið að eyða ákveðinni réttaróvissu. Einstaklingar sem hafa frekari þjónustuþörf gera sér þá ekki væntingar um áframhaldandi búsetu á eigin heimili með NPA. Rökin eru einfaldlega þau að þegar þjónustuþörfin er orðin það mikil að einstaklingur er til dæmis háður öndunarvél þá er öryggi hans einfaldlega betur tryggt þar sem fleira heilbrigðismenntað starfsfólk er til taks. Því ætti einstaklingum með mikla þjónustuþörf að bjóðast úrræði við þeirra hæfi. Undir engum kringumstæðum ætti þó að setja einstaklinga yngri en 67 ára á hjúkrunarheimili ætlað eldri borgurum. Til þess að hægt væri að réttlæta að fatlaður einstaklingur undir 67 ára yrði varanlega búsettur á hjúkrunarheimili ætlað eldri borgurum þyrfti annars vegar að tryggja að viðkomandi yrði ekki fyrir þeim réttindamissi sem raun ber vitni. Hins vegar þyrfti að tryggja það að viðkomandi myndi fá þar





Ákveðin tilhneiging er hjá þjónustustofnunum ríkisins til þess að skilgreina þjónustu sína eins þröngt og mögulegt er með þeim rökstuðningi að takmarkaðar fjárheimildir séu fyrir hendi til þess að sinna þjónustunni.

viðeigandi þjónustu sem mætir hans einstaklingsbundnu þörfum. Til framtíðar þarf þó að leita viðeigandi lausna fyrir þennan hóp annars staðar en á hjúkrunarheimilum fyrir eldri borgara.

Samkvæmt bókstaf laganna eru réttindi fatlaðs fólks víðtæk og enginn vafi

leikur á því að veita eigi þeim viðeigandi þjónustu. Orð á blaði, jafnvel þótt þau komi fram í lagagreinum, ríma þó ekki við hvernig framkvæmdin er í raun og veru. Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru að lagaleg réttindi fatlaðs fólks eru vel tryggð samkvæmt íslenskum lögum. Hins vegar er framfylgd þessara sömu laga verulega ábótavant. Skýrist það að hluta vegna þess að sjálfstjórn sveitarfélaga skv. 78. gr. stjórnarskrárinnar hefur í för með sér að framkvæmd þeirra réttinda sem eiga að tryggja fötluðu fólki jafnræði á grundvelli 65. gr. stjórnarskrárinnar getur verið háð ólíkri forgangsröðun og ólíkri fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Hvernig má það vera, að æðsta réttarheimild Íslands sé háð þessum fyrirvörum af hálfu sveitarfélaga?

Eftir að sveitarfélögin tóku við málefnum fatlaðs fólks árið 2011 hefur þeim sem óska eftir þjónustu fjölgað mikið samhliða því að kröfur og skyldur þjónustuaðila hafa aukist. Þrátt fyrir þessar staðreyndir voru ekki markaðir

nýir tekjustofnar samhliða setningu laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir árið 2018 og því býr málaflókkurinn við gríðarlega undirfjármögnun. Vert er þó að spyrja hvort aukið fjármagn myndi leysa allan þennan vanda eða hvort hann sé í raun víðtækari en svo. Enginn vafi er á því að nauðsynlegt er að auka fjármagn til málaflökks fatlaðs fólks eigi rétturinn að vera virkur en ekki orðin tóm. Sameiginlegir sjóðir landsmanna eru takmarkaðir og krefjast þess að þeim sé forgangsraðað á þann hátt að þeir sem raunverulega hafa þörf fyrir stuðning fái fjárhagsaðstoð, hvort sem ríki eða sveitarfélög halda utan um þá. Því verður að horfa á hið opinbera sem heild þar sem engin hagræðing er fólgin í því að ríkið yti verkefnum og þar með útgjöldum yfir á sveitarfélög og öfugt. Skortur á samvinnu milli sveitarfélaga og ríkis og óljós lagaákvæði hafa í för með sér sóun og verri þjónustu, sem mögulegt væri að veita fyrir sömu fjármuni úr sameiginlegum sjóðum.

## Stafræn sveitarfélög – samvinna er lykillinn

**Ráðstefna um samvinnu stafrænna sveitarfélaga fer fram í Origo höllinni föstudaginn 6. október kl. 09.00–15.00.**

**Þema ráðstefnunnar verður samstarf, ávinningur, tæknilegir innviðir og framtíð.**

**Ráðstefnugjald: 5.500 kr. (Veitingar innifaldar).**

**Skráning fer fram á vefsíðu stafrænna sveitarfélaga  
[www.stafræn.sveitarfelog.is](http://www.stafræn.sveitarfelog.is).**





Frá Þeistareykjum. Ljósmynd Hreinn Hjartarson.

## Verkefnið Orkuskipti í dreifðum byggðum Evrópu í startholunum



Ottó Eliasson  
Rannsókn- og þróunarstjóri hjá Eimi.

Orkuskipti eru í brennidepli þessi misserin. Á Íslandi felast orkuskiptin fyrst og fremst í því að hætta að brenna jarðefnaeldsneyti á samgöngutækjum, því orkan sem við nýtum í húshitun og til raforkuframleiðslu er öll af endurnýjanlegum toga. Stjórnvöld hafa lögfest markmið um kolefnishlutleysi Íslands 2040, og hafa jafnframt haldið

á lofti metnaðarfullra markmiði um jarðefnaeldsneytislaut Ísland 2040. Þótt ágætlega gangi að rafvæða fólksbílaflotann eru margar brekkur eftir í mark. Til að styðja við þessi markmið hefur ríkið lagt fram sína aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, og nýverið samþykktu ellefu atvinnugreinar loftslagsvegvísa, sem ramma inn aðgerðir þeirra til að draga úr losun.

En hvernig getum við tryggt að stefnumörkun af þessu tagi skili sér í samdrætti í bruna jarðefnaeldsneytis? Þar geta sveitarfélögin, og sér í lagi þau í dreifðum byggðum, leikið stórt hlutverk. Það vill nefnilega svo til að mannvirki til orkuöflunar, flutnings og dreifingar raforku eru iðulega í dreifbýli, og áframhaldandi uppbygging þeirra sem fyrirséð er á komandi árum verður það áreiðanlega líka. Þá þarf að hugsa fyrir innviðum til þess að koma orkunni í notkun gegnum hleðslustöðvar fyrir fólksbíla, og stærri

farartæki á borð við flutningabíla, auk til dæmis landtenginga fyrir skip.

Áskoranir sveitarfélaga í dreifðum byggðum eru jafnvel meiri þegar kemur að málaflokkum á borð við umhverfis- og loftslagsmál, en þeirra sem þéttbýlli eru. Fjárfestingarkostnaður fyrir innviði verður til að mynda hlutfallslega meiri í dreifðum byggðum og rekstur almenningssamgangna verður enn stærri áskoron. Svo eru einfaldlega færri hendur til að vinna öll þau verk sem þarf að vinna við rekstur sveitarfélags og vinna við stefnumótun fyrir loftslagsmál og orkuskipti og aðgerðir þar að lútandi vilja sitja á hakanum.

Þessum áskorunum er ætlað að mæta með verkefninu Orkuskipti í dreifðum byggðum Evrópu (Rural Europe for the Clean Energy Transition, RECET). Verkefnið gengur út á að leggja tugum sveitarfélaga í fjórum Evrópulöndum lið



Í því að takast á við orkuskipti, koma upp aðgerðaáætlunum, og hrinda þeim í framkvæmd. Verkefnið hefst fyrsta október næstkomandi og stendur í þrjú ár, en á vordögum hlaut það rausnarlegan styrk úr LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins um hálfra aðra milljón evra, um það bil 220 milljónir króna. Í því eru níu beinir þátttakendur í fimm Evrópulöndum, á Íslandi, í Slóveníu, Svíþjóð, á Spáni, og í Danmörku.

Verkefnið leiða Íslensk Nýorka, sem býr yfir áratugareynslu af verkefnum tengdum orkuskiptum, og Eimur, samstarfsverkefni um bættu auðlindanýtingu á Norðurlandi eystra. Auk þeirra taka þátt í verkefninu Vestfjarðastofa og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra hér á Íslandi, Sveitarfélagið í Postojna í Slóveníu í samvinnu við Iskriva (slóvenskt byggðaþróunarverkefni), Energikontor Syd sem styður við þrjú sveitarfélög í Belkinge í Suður-Svíþjóð, átta sveitarfélög á eyjunni Menorca á Spáni gegnum Council Insular de Menorca

(eyjaráð Menorcu) og Energiakademiet á Samsø í Danmörku.

Markmiðið með verkefninu er að efla getu sveitarfélaga á fimm svæðum (sem eru Vestfirðir, Norðurland eystra, Menorca, Blekinge og Postojna), til að takast á við orkuskipti og leggja fram aðgerðaáætlanir sem falla að yfirlýstum markmiðum stjórnvalda og verða unnar í sátt við atvinnulíf á svæðinu og aðra hagaðila. Við ætlum að skoða samspil áætlana og skipulagsmála og skilja hvaða tækjum sveitarfélögin geta beitt til að hraða orkuskiptum og ná árangri í loftslagsmálum. Til að smíða þessar áætlanir verður stuðst við reynslu og aðferðir Energiakademiet frá eyjunni Samsø í Danmörku við mótun og þróun aðgerða til orkuskipta á hverju landsvæði fyrir sig, en Energiakademiet hefur áratuga reynslu af því að þróa og innleiða svæðisbundnar orkuskiptaáætlanir.

Orkuskiptin eru hafin. Þetta er ekki lengur spurning um hvort, heldur hvernig og



Það vill nefnilega svo til að mannvirki til orkuöflunar, flutnings og dreifingar raforku eru iðulega í dreifbýli, og áframhaldandi uppbygging þeirra sem fyrirséð er á komandi árum verður það áreiðanlega líka.

hvenær við náum markmiðum okkar um jarðefnaeldsneytislauð Ísland. Ég þess fullviss að þau sveitarfélög sem taka þátt í RECET, og útbúa svæðisbundnar aðgerðaáætlanir til að hraða orkuskiptum verða betur í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem bíða okkar. Ef þið hafið áhuga á að fylgjast með, ekki hika við að setja ykkur í samband við annað hvort Eim eða Íslenska Nýorku.

# Geta sveitarstjórnir ráðið og rekið æðstu yfirmenn og sveitarstjóra eftir geðþótta?



Ingimar Ingimarsson  
Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs  
Þingeyjarsveitar.

Ég sat eitt sinn í sveitarstjórn á Vestfjörðum sem þurfti að ráða sér sveitarstjóra. Við fórum í gegnum langt og strangt ferli til þess að ráða á sem faglegastan hátt. Við réðum til okkar ráðningarskrifstofu sem sá um ferlið. Þegar við í sveitarstjórninni og ráðningarskrifstofan höfðum komið okkur niður á kröfur og starfslýsingu handa starfsmanninum var staðan auglýst. Það bárust 17 umsóknir og við tókum viðtöl við sjö í Reykjavík og eftir urðu tveir sem komu með kynningu í sveitina. Að lokum réðum við þann sem kom best út samkvæmt stigamati ráðningarskrifstofunnar. Í þetta fóru fjölmargar vinnustundir og miklir peningar sem var súrt því þeim sveitarstjóra sem við réðum var síðan sagt upp tveimur árum seinna, að ég hélt, með ólögætum hætti.

Þessi litla lífsreynsla er meginástæða þess að ég fór að velta því fyrir mér hvernig staða sveitarstjóra væri með tilliti til ráðningarmála og spurningin sem

”

Að lokum réðum við þann sem kom best út samkvæmt stigamati ráðningarskrifstofunnar. Í þetta fóru fjölmargar vinnustundir og miklir peningar sem var súrt því þeim sveitarstjóra sem við réðum var síðan sagt upp tveimur árum seinna, að ég hélt, með ólögætum hætti.

Hér var því komin hugmynd að efni í ritgerð og um þetta fjallar einmitt BA-ritgerð mín úr námi í opinberri stjórnsýslu við Háskólann á Bifröst. Til þess að rannsaka þetta hafði ég til samanburðar aðrar æðstu stöður innan sveitarfélaga og spurði líka hvort hægt væri að ráða og reka aðra æðstu yfirmenn

brann á mér var: Er hægt að ráða og reka sveitarstjóra eftir geðþótta sveitarstjóra? Það var hins vegar erfitt að finna nákvæmar forskriftir að því hvernig standa beri að slíkum málum nema blaða í sérstökum lögskýringarbókum. Ég fann mig því knúinn til að gera einskonar upplýsingarit um hvernig sveitarstjórnir ættu að snúa sér í þessum málum.

sveitarfélaga eftir geðþótta? Til þess að finna út úr þessu voru greind lög og kjarasamningar um störf, úrskurðir ráðuneyta, álit umboðsmanns Alþingis og dómar héraðs-, lands- og hæstaréttar. Upplýsingaritið hafði því aðeins víkkað sviðið sem nær þá yfir bæði störf sveitarstjóra og aðrar æðstu stöður sveitarfélaga.





Þessi grein er ætlað að vera spegill í ritgerðina og er því dregið á því helsta sem þar kemur fram. Ég mæli því með að áhugasamir lesi ritgerðina sjálfa. Allar tilvitnanir og ítarefni má finna í ritgerðinni sem ber nafnið „Ráðningarumhverfi íslenskra sveitarstjóra í samanburði við æðstu yfirmenn sveitarfélaga – Geta sveitarstjórnir ráðið og rekið æðstu yfirmenn og sveitarstjóra eftir geðþótta?“. Ritgerðina má finna á Skemmunni, <https://skemman.is/>

## Ráðningar æðstu stjórnenda hjá sveitarfélögum

Ráðningarmál hjá sveitarfélögum geta oft reynst flókin og erfið eins og sjá má á öllum þeim kvörtunum og kærnum sem hafa komið upp í kringum þau. Flestir eru þó sammála um það að sveitarfélögum beri að ráða hæfasta einstaklinginn í starfið. Það er hins vegar oft flókið að sjá hver er hæfastur og því þarf oft að beita matskenndum aðferðum til þess að finna þann sem hæfastur er og hentar best í starfið. Samband íslenskra sveitarfélaga og stéttarfélög hafa þó gert með sér ákveðnar leiðbeiningar um menntun og hæfni fyrir störf í gegnum starfsmatsverkefnið.

Ráðning telst til stjórnvaldsákvörðunar þar sem fram fer úthlutun ákveðinna

gæða af hálfu opinbers aðila. Ráðning getur því verið ívilnandi fyrir þann sem fær starfið eða íþyngjandi fyrir þann sem ekki fær það. Þess vegna er eðlilegt að um ráðningar gildi einhverjar reglur svo þetta vald sé ekki misnotað. Þegar kemur að reglunum eru það hinar skráðu og óskráðu reglur íslensks stjórnsýsluréttar sem eðlilega eru fyrst nefndar, en einnig ber að horfa til sveitarstjórnarlaga, samþykta sveitarfélagsins, kjarasamninga auk annarra laga, svo sem jafnréttis laga.

Mjög mikilvægt er fyrir sveitarstjórnir að málsmeðferð sé rétt framkvæmd og fylgi stjórnsýslulögum og almennum grundvallarreglum í stjórnsýslurétti. Páll Hreinsson setti upp fyrirmyndar málsmeðferðarreglur í bók sinni „Málsmeðferð stjórnvalda“. Hún er í meginráttum svona: „**Upphaf máls**, málsaðild, gildissvið stjórnsýslulaga, skráning máls => **Sérstakt hæfi**, valdmörk => **Rannsókn máls**, álitsumleitan, andmælaréttur, skráning upplýsinga => Málsatvik og lagagrundvöllur veginn og metinn => **Ákvörðun málsins**, samhliða rökstuðningur, kæruleiðbeiningar => **Birting ákvörðunar - Eftirfarandi rökstuðningur**. Samhliða þessum þáttum eru svo **leiðbeiningarskyldan málshraðareglan, aðgangur**

”

Sveitarfélögum er það í sjálfsveld sett hvernig þau standa að ráðningu í starf sveitarstjóra. Þó eru einkum tvær leiðir með afbrigðum sem eru farnar, annars vegar að ganga beint til samninga við mögulegan sveitarstjóra eða auglýsa eftir sveitarstjóra.

**málsaðila að gögnum málsins og þagnarskyldan**“. Í ritgerðinni má svo sjá hvernig ráðningarferlið er sett inn í þessa reglu.

Þó að málsmeðferðin geti nokkurn veginn fylgt þessu plani er björninn ekki unninn. Fara verður vandlega yfir þau lög sem gilda um störf og þegar þeim er ekki að skipta þarf að líta á tilgang laganna, markmið þeirra og réttarframkvæmdir. Að lokum þegar allt þrýtur þarf að grípa til samræmisskýringa sem geta verið meginreglur stjórnsýslunnar ásamt mannréttindaákvæðum. Þegar þetta hefur allt verið skoðað þá ætti að liggja fyrir málefnalegt sjónarmið við ráðningu.

## Uppsagnir æðstu stjórnenda sveitarfélaga

Um uppsagnir gilda sömu meginþættir og við ráðningu nema, eðli máls samkvæmt, er um beitingu valds að ræða en ekki úthlutun ákveðinna gæða. Ekki þarf að fjölyrða um þær raskanir sem verða á högum starfsmanna sem sagt er upp, uppsögn myndi því kallast íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun þar sem niðurstaðan er yfirleitt óhagstæð starfsmanninum. Hér gilda að sjálfsögðu sömu lög og þegar kemur að ráðningum, nema hvað kjarasamningar eru mun meira áberandi. Ekki eru til nein starfsmannalög fyrir sveitarstjórnarstigið eins og ríkið hefur. Því eru settar um það reglur í



Frá Djúpavogi. Ljós.: Ingibjörg Hinriksdóttir.

kjarasamningum líkt og gert er á almenna vinnumarkaðnum.

Við uppsagnir líkt og við ráðningar þarf að fylgja sömu málsmeðferðarreglum og gert er við ráðningar, en í ritgerðinni má sjá hvernig uppsögn er sett inn í málsmeðferðarreglu Páls. Ekki síður en í ráðningarmálum þarf að fylgja eftir lögum og sérstaklega kjarasamningum sem hafa mikið vægi þegar kemur að uppsögnum.

## Samantekt um æðstu stjórnendur

Það er frekar flókið að ráða og reka fólk í æðstu stöður, enda myndu sumir segja að það ætti að vera það svo fólk vandaði sig við það, en í ritgerðinni má lesa um fjölda mála þar sem eitt eða fleiri atriði hafa farið úrskaiðis hvort sem um er að ræða við ráðningar eða uppsagnir. Ráðning æðstu stjórnenda sveitarfélaga er því ekki bara að henda í auglýsingu og ráða frænda sinn. Ráðning í æðstu stöður er ferli þar sem gæta þarf að mörgum mismunandi þáttum sem grundvallast og byggjast á meginreglum stjórnsýsluréttar, málsmeðferðar stjórnsýslulaga, gildandi lögum, góðri stjórnsýslu og málefnalegum sjónarmiðum.

Uppsögn á stjórnanda er heldur ekki bara að fá ritara til að senda uppsagnarbréf í pósti. Málefnalegar ástæður eru lykil forsenda þegar kemur að uppsögn starfsmanns. Þá verður að gæta þess að málsmeðferð sé rétt framkvæmd og í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar, lög og kjarasamninga. Það er því ekki hlaupið að því að ráða og reka æðstu stjórnendur sveitarfélaga. Það er alvörumál, beiting á valdheimildum sem snúast um að úthluta gæðum og beita íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunum.

## Ráðning sveitarstjóra

Engar sérstakar menntunarkröfur eru settar um stöðu sveitarstjóra og í raun er ekki nema mögulega ein krafa sett um stöðu sveitarstjóra í sveitarstjórnarlögum og það er að hann sé fjár síns ráðandi, sem reyndar aldrei hefur reynt á. Í frumvarpi til sveitarstjórnarlaga

2011 við 54. gr. laganna er sagt „Starf framkvæmdarstjórans telst vera pólitískt trúnaðarstarf gagnvart sveitarstjórn“. Segja má að þessi setning sé rauði þráðurinn þegar kemur að ráðningarmálum sveitarstjóra. Þessi sérstaða starfsins, að vera pólitískt, gerir það að verkum að allt aðrar forsendur eru uppi þegar kemur að ráðningarmálum og starfsumhverfi sveitarstjórans. Sveitarfélögum er það í sjálfsvald sett hvernig þau standa að ráðningu í starf sveitarstjóra. Þó eru einkum tvær leiðir með afbrigðum sem eru farnar, annars vegar að ganga beint til samninga við mögulegan sveitarstjóra eða auglýsa



Ráðning æðstu stjórnenda sveitarfélaga er því ekki bara að henda í auglýsingu og ráða frænda sinn. Ráðning í æðstu stöður er ferli þar sem gæta þarf að mörgum mismunandi þáttum sem grundvallast og byggjast á meginreglum stjórnsýsluréttar, málsmeðferðar stjórnsýslulaga, gildandi lögum, góðri stjórnsýslu og málefnalegum sjónarmiðum.

eftir sveitarstjóra. Þau sveitarfélög sem ganga beint til samninga við mögulegan sveitarstjóra geta valið úr nokkrum leiðum. Sum velja að ráða oddvita meirihlutaflokks, skipta á milli oddvita meirihlutaflokka, halda bæjarstjóra þrátt fyrir meirihlutaskipti eða hringja í vin.

Ef starfið er auglýst kemst á stjórnsýslumál, líkt og áður greinir. Hér ber því að vanda málsmeðferð eins og hún er sett upp. Þrátt fyrir það að stjórnsýslumál sé hafið og málsmeðferðarreglur gildi er ekki þar með sagt að „hæfasti“ einstaklingurinn

sé valinn eða á bakvið ráðninguna séu málefnaleg sjónarmið í líkingu við æðstu stjórnendur. Þar sem sveitarstjórnir þarf að vera í pólitísku trúnaðarsambandi við sveitarstjórn er nóg að meirihluti sveitarstjórnar treysti einhverjum umsækjanda umfram aðra. Bókvitnið, reynslan eða ferilskráin verður því ekki endilega ráðandi þáttur heldur sú tilfinning að traust ríki milli tilvonandi sveitarstjóra og meirihluta sveitarstjórnar.

## Uppsögn sveitarstjóra

Engar sérstakar vinnureglur eru til um uppsagnir sveitarstjóra frekar en ráðningar. Sveitarstjórn þarf að halda löglegan fund til þess að taka ákvörðun um uppsögn sveitarstjóra líkt og gera þarf með aðrar ákvarðanir sveitarstjórnar. Sveitarstjórn þarf að rökstyðja ákvörðun sína. Hér hins vegar kemur aftur inn á eðli starfsins, að vera pólitískt trúnaðarstarf gagnvart sveitarstjórn. Rökstuðningurinn getur falist í einni setningu; Ekki ríkir traust milli sveitarstjóra og sveitarstjórnar. Þá fer það eftir ráðningarsamningnum hvernig málin eru gerð upp að öðru leiti.

## Samantekt sveitarstjóra

Ráðningar og uppsagnir sveitarstjóra eru í grunninn frekar einfaldar stjórnvaldsákvæðanir. Það er í rauninni hægt að beita orðinu traust í báðum tilfellum, annars vegar sem rökstuðning fyrir ráðningu með þeirri einföldu setningu að sveitarstjórn treysti viðkomandi aðila og hins vegar við rökstuðning á uppsögn að það traust sé ekki lengur til staðar. Eðli starfsins sem pólitískt starf sveitarstjóra fer fram á að sá aðili sem gegnir starfinu þurfi að njóta trausts sveitarstjórnar, enda vinnur hann eftir vilja hennar.

## Niðurstaðan

Þegar farið er yfir samanburðinn á því hvernig ráðningarmálum annars vegar æðstu stjórnenda sveitarfélaga og hins vegar sveitarstjórans er háttað kemur fram sláandi munur. Sérstaða sveitarstjórnastöðunnar og sú sterka staða sem 54. gr. sveitarstjórnarlaga virðist hafa



Eystrahorn. Mynd af Pexels.com, ljósm.: Evgeny Tchebotarev.

gagnvart öðrum réttarheimildum, svo sem stjórnáráðgjöfum, kjarasamningum og ráðningarsamningum, gerir það að verkum að lítið þarf til að ráða eða reka sveitarstjóra og mikið til að hnekkja þeirri ákvörðun. Á móti þarf mikið til að ráða og reka aðra æðstu stjórnendur og lítið til að skapa bótakröfu. Ferlið þegar kemur að ráðningu æðstu stjórnenda er flókið og lítið þarf til að gera mistök í því ferli. Ráðning sveitarstjóra fer hins vegar nánast í hina áttina. Eins og fram hefur komið felst í störfunum að framfylgja samþykktri stefnu sveitarfélagsins, en hið nána samstarf sveitarstjórnar og sveitarstjóra krefst trausts og trúnaðar umfram það sem aðrir stjórnendur sveitarfélags þurfa að hafa. Traustið verður því að lyklatríði þegar kemur að sveitarstjórum, sveitarstjórnar þurfa því að vera hundtryggir sinni sveitarstjórn til að ekki komi til uppsagna. Aðrir stjórnendur þurfa hins vegar málefnalegri ástæður til uppsagna.

Þegar kemur að spurningunni um hvort sveitarstjórnir geti ráðið og rekið æðstu stjórnendur og sveitarstjóra eftir geðþótta, þá verður að tvískipta henni þar sem ekki fæst sama svar fyrir æðstu stjórnendur og sveitarstjóra. Tekið er mið af því að geðþóttaákvörðun sé persónuleg ákvörðun líkt og orðið er skilgreint.

Svarið þegar kemur að æðstu stjórnendum er einfalt, nei. Það er, eins og farið hefur verið yfir, talsvert ferli sem fara þarf í gegnum til að ráða bæði og segja upp æðstu stjórnendum enda er hér um ræða beitingu valds og úthlutun gæða, sem getur bæði verið íþyngjandi og ívilnandi. Það er því, þegar stjórnvald tekur slíkar ákvarðanir, eðlileg krafa að málsmeðferð sé vönduð og leikreglum fylgt og ekki sé um geðþóttaákvæðanir að ræða.

Þegar kemur hins vegar að spurningunni um hvort sveitarstjórnir geti ráðið og rekið sveitarstjóra eftir geðþótta, þá er svarið líka einfalt, en ekki það sama og

hjá öðrum stjórnendum, já. Sveitarstjórnir geta ráðið og rekið sveitarstjóra eftir geðþótta, þar sem traust, sem fyrst og fremst er tilfinning, þarf að ríkja milli sveitarstjórnar og sveitarstjóra. Það getur því farið eftir geðþótta sveitarstjórnar hvort sveitarstjóri sé ráðinn eða rekinn.

Við í sveitarstjórninni minni gömlu hefðum því geta sparað okkur aurinn og vinnuna við ráðningarferlið á sveitarstjóranum, hringt í vin og ég hefði sennilega bókað aðeins öðruvísi um uppsögnina og sparað dramatíkina, hefðum við vitað þetta. Það er því mín einlæga von að efni ritgerðarinnar, sem er ekki síður samantekt á álitum, úrskurðum og dómum í þessum málum, verði til þess að við sem störfum að og við sveitarstjórnarmál vöndum okkur við ráðninga- og uppsagnarferli og að kærur, kvörtunum og dómsmálum vegna þeirra fækki.



# Áhugaverð fræðsluferð til Skotlands

Oft hefur verið rætt um mikilvægi fræðslu fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og ýmsar leiðir verið farnar til að koma til móts við þá þörf. Undanfarin kjörtímabil hafa ýmis landshlutasamtök sveitarfélaga skipulagt fræðsluferðir fyrir kjörna fulltrúa og bæjar- og sveitarstjóra til að kynna sér hvað efst

er á baugi hjá nágrennapjóðum. Í hópi þessara landshlutasamtaka eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) sem ákváðu snemma á þessu ári að skipuleggja sameiginlega ferð til Skotlands.







Hópurinn á háskólasvæðinu (campus) við University of Highlands and Islands í Inverness, þar sem blandað er saman starfsemi háskóla, stúdentagörðum, íbúðum og sprotafyrirtækjum.

Þátttaka í ferðinni var framar öllum vonum en 60 manna hópur sveitarstjórnarfulltrúa, bæjar- og sveitarstjóra og starfsmanna SSV og SSVNV hélt í víking til Skotlands síðustu vikuna í ágúst. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér helstu áherslur Skota í byggða- og sveitarstjórnarmálum. Hópurinn byrjaði á því að heimsækja Inverness, höfuðborg hálandanna, þar sem byggðastofnun svæðisins Highlands and Islands enterprise (HIE) hafði skiplagt dagskrá með okkur. Þar var boðið upp á áhugaverð erindi um vindorku, ýmis samfélagsverkefni sem stofnunin hefur stutt við, ferðaþjónustu, fasteignafélag sem notað hefur verið til uppbyggingar atvinnuhúsnæðis í fámennari byggðalögum og loks var farið yfir skipulag almenningsamgangna í Hálöndunum. Síðan var farið í heimsókn í Inverness Campuss sem HIE hefur byggt upp í samvinnu við Háskóla Hálanda og eyja og atvinnulífið á svæðinu og er nokkurs konar nýsköpunar- og þróunarsetur. Þar er boðið upp á einstaka rannsóknaraðstöðu, rými fyrir ný fyrirtæki og frumkvöðla og einstakt samfélag þessara aðila.

Rúsinan í pylsuendanum (eða pylsuvagninum eins og góður Skagfirðingur sagði einhverju sinni) í Inverness var heimsókn í WASPS sem er

samvinnurými fólks í skapandi greinum. Það var tæplega 40 mínútna gangur frá Inverness Campus niður í miðbæ þar sem WASPS er staðsett. Eftir að hafa lagt af stað í sólskinu og rjómalblíðu og þverað iðagræn tún, lenti hópurinn í einhverri mestu rigningu sem sögur fara af. Þegar við birtumst í WASP eins og hundar dregnir af sundi, enda nota Íslendingar ekki regnhlífar, þá var gott að komast á veitingastaðinn í miðrými WASPS og fá síðan áhugaverða gönguferð um vinnustofur, sýningarsali og skrifstofurými þeirra.

Frá Inverness var haldið í átt til Edinborgar með viðkomu í Cairngorm þjóðgarðinum. Þjóðgarðurinn er annar af tveimur þjóðgördum í Skotlandi og er bæði yngri og stærri en þjóðgarðurinn við Loch Lomond. Stoppað var í litlu fallegu þorpi sem heitir Grantown on Spey, þar sem höfuðstöðvar þjóðgarðsins eru.

Þar fékk hópurinn fróðlegt erindi um þjóðgarðinn, hvernig hann hefur stuðlað að jákvæðri byggðaðþróun og stutt við ferðaþjónustu á svæðinu. Í þjóðgarðinum búa um 18 þúsund manns, ýmist í litlum þorpum eða á bændabýlum og er sambúð íbúa og verndarsjónarmiða stöðug áskorun sem leyst er með öflugum samráði.

Síðasti viðkomustaður í ferðinni var höfuðborg Skota, Edinborg. Þar heimsótti hópurinn COSLA, sem er Samband sveitarfélaga í Skotlandi. Steven Heddle, varaforseti COSLA og sveitarstjórnarfulltrúi á Orkneyjum, opnaði dagskrána. Skotarnir kynntu fyrir okkur verkefni sem þeir kalla Business gateway og snýst um ráðgjöf og að skapa tengsl á milli sveitarfélaga og atvinnulífsins. Þá fengum við kynningar um umhverfis- og loftslagsmál annars vegar og velferðarmál hins vegar, en



Þessir málaflokkar eru meðal helstu áhersluatriða COSLA næstu árin. Það var fróðlegt að heyra af helstu verkefnum sveitarfélaga í Skotlandi og ljóst að þær áskoranir sem þau standa frammi fyrir eru mjög svipaðar og íslensk sveitarfélög glíma við.

Þótt fræðsla um sveitarstjórnar- og byggðamál hafi verið meginmarkmiðið

með ferðinni þá var auðvitað nauðsynlegt að nýta tímann líka til að kynna landi og þjóð. Tækifærið var því notað til þess að sigla á Loch Ness og taka þátt í leitinni að Nessie, en fyrir tilviljun fór fram á sama tíma ein umfangsmesta leit að skrimslinu í 50 ár. Þá var farið í vísiskökkun og fræðst um Edinborg undir leiðsögn heimamanna, svo fátt eitt sé talið.

Það er ljóst að ferðir sem þessi eru vel til þess fallnar að víkka sjóndeildarhring sveitarstjórnarfélks, kynna helstu áskorunum sveitarfélaga erlendis og máta þeirra lausnir við áskoranir heima fyrir. Þá skiptir samtalið um sveitarstjórnarmál sem og aukin kynni á milli aðila sem skapast í svona ferðum gott vegarnesti fyrir frekari störf heima fyrir.







# Loftslagsstefnur sveitarfélaga og mat á loftslagsáhættu

Helena W. Óladóttir, sérfræðingur í sjálfbærnimálum hjá KPMG

Umbreytingaráhætta er áhætta sem er til komin vegna aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og til aðlögunar að loftslagsbreytingum, svo sem breytingar á virði eigna, áhætta vegna orkuskipta og breytinga á regluverki.

Sveitarfélög standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum vegna áhrifa loftslagsbreytinga á komandi árum og áratugum. Sveitarfélögum ber að setja sér loftslagsstefnu skv. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál en

Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar hafa unnið leiðbeiningar um gerð og innleiðingu loftslagsstefnu fyrir sveitarfélög til að styðja við þetta mikilvæga hlutverk sveitarfélaganna.

stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, upplýsingar um kolefnisjöfnun starfseminnar auk aðgerða til að ná skilgreindum markmiðum.

Tilgangur laganna er að stuðla að því að hið opinbera sýni gott fordæmi í verki við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Lögin ná

hins vegar aðeins til eigin starfsemi sveitarfélaga, en taka ekki til losunar af annarri starfsemi innan marka sveitarfélaga. Til eigin starfsemi sveitarfélaga telst til dæmis rekstur allra eininga svo sem skóla, skrifstofa og sundlauga.

Til að loftslagsstefnur þjóni hlutverki sínu er mikilvægt að þær innihaldi raunhæf stefnumið, mælanleg markmið og mælikvarða til að meta árangur og aðgerðaáætlun um innleiðingu aðgerða til að draga úr losun og binda kolefni. Fyrsta skrefið er að meta losun sveitarfélagsins með viðurkenndum aðferðum og mælingum. Losun á vegum sveitarfélaga er af margvíslegum toga og því er mikil áskorun að ná utan um losunarbókhaldið. Að sama skapi felur verkefnið í sér dýrmæt tækifæri til samdráttar á losun gróðurhúsalofttegunda. Það getur síðan falið í sér ýmsar hagfelldar breytingar til lengri tíma, bættu auðlindanýtingu og að dregið sé úr margvíslegri sóun.

Sveitarfélög skulu kortleggja losunarpætti og draga úr losun

gróðurhúsalofttegunda, setja sér markvissa áætlun um að bregðast við áskorunum vegna áhrifa loftslagsbreytinga og aðlagast þeim. Mat á loftslagsáhættum er lykilatriði þegar horft er til lengri tíma í rekstri og skipulagi sveitarfélaga, til dæmis í aðalskipulagsgerð. Felur það bæði í sér mat á raunlægri áhættu og mat á umbreytingaráhættu. Slíkt mat skiptir meginmáli þegar taka á upplýstar ákvarðanir um ráðstöfun fjármagns til lengri tíma í þágu sveitarfélaga.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, mæta áskorunum vegna loftslagsbreytinga og aðlagast þeim. Mikilvægt er að sveitarfélög taki gerð loftslagsstefna föstum tókum til að efla eigin þrautseigju gagnvart loftslagsbreytingum og stuðla að markvissri aðlögun að þeim breytingum sem óhjákvæmilega verða.

Raunáhætta er áhætta vegna áhrifa loftslagsbreytinga á umhverfi okkar og veðurfar, svo sem breytingar á úrkomumynstri, bráðnun jökla og rennsli fljóta og hækkun sjávarfyrirborðs.



## Næst síðasta orðið

Sveitarstjórnarfolk hefur síðasta orðið um lífið og tilveruna í sveitarfélaginu og í sveitarstjórn.

## Uppbygging og efling byggða



Vilhjálmur Jónsson  
sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi.

Í störfum mínum að sveitarstjórnarmálum hafa samgöngumál og uppbygging annarra innviða ávallt verið nokkuð fyrirferðamikil, sem mótast hefur af stöðu mála og brýnni þörf á úrbótum. Þess vegna hefur umfjöllun um framtíðarsýn og stefnumótun á borðum fyrst bæjarstjórnar Seyðisfjarðar og síðan sveitarstjórnar Múlaþings snúist að miklu leyti um úrlausn þeirra mála.

Skýr stefnumótun byggð á sameiginlegri framtíðarsýn er undirstaða sóknar og framfara. Við sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi í Múlaþing var lagður grunnur að framtíðarsýn þess svæðis með virku samráði við íbúa. Austfirðingar hafa komið sér saman um svæðisskipulag sem er sameiginleg stefna sveitarfélaganna í landshlutanum um málefni þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fara saman og mun aðalskipulag aðildarsveitarfélaganna taka mið af því. Í því felst mikilvæg framtíðarsýn íbúum landshlutans og raunar íbúum landsins til hagsbóta. Þá hefur nýlega verið staðfest strandsvæðaskipulag

fyrir Austfirði. Nú er að hefjast vinna við aðalskipulag Múlaþings sem frestaðist nokkuð vegna ófyrirséðra atburða í kjölfar sameiningarinnar. Auk sveitarstjórnar koma að þessari vinnu fagaðilar, ráðgjafar og íbúar, sem er mikilvægt.

Af hverju er þetta dregið saman hér? Það er mikilvægt þegar kemur að uppbyggingu mikilvægra og nauðsynlegra innviða og þjónustu að stefna og áætlanir liggi fyrir sem nauðsynlegur grunnur. Ekki síst er varðar samgöngur á landi vegna umfangs og fjárfestingar framkvæmdanna. Samgöngur um Austurland hafa lengi verið í brennidepli íbúa og sveitarstjórnarmanna, sem hafa barist fyrir úrbótum á þeim með vegum og jarðgöngum. Árangur af baráttu Austfirðinga kemur nokkuð greinilega fram í framlagðri tillögu að samgönguáætlun og forgangsröð. Þótt sumt þyki heldur aftarlega, miðar samt. Um leið þarf að ljúka ákvörðunum um fjármögnun áætlunarinnar til að hún haldi virði sínu. Með slíkri uppbyggingu mun sýna sig að leyst eru út verðmæti sem svæðið á inni að segja má í höftum samgöngutakmarkana sem löngum hafa reynt á, svo sem í vetrarveðrum á fjallvegum, og hamlað tækifærum sem annars væru forsendur fyrir.

”

Skýr stefnumótun byggð á sameiginlegri framtíðarsýn er undirstaða sóknar og framfara.





Frá Seyðisfirði. Ljósmynd Freysteinn G. Jónsson af vefnum Unsplash.com.

Sveitarstjórn Múlaþings hefur unnið að því að farsímasambandi á Austurlandi verði komið í viðunandi horf. Allt of stór svæði í dreifbýli og óbyggðum eru utan sambands til að viðunandi geti talist vegna öryggissjónarmiða og þess sem vænta má um þjónustu og tækni í nútímasamfélagi. Nýlegur atburður á Austurlandi hefur sýnt ápreifanlega hve mikið vantar upp á að fjarskipti í dreifbýli uppfylli nútímakröfur og við því þarf að bregðast fljótt. Ljósleiðaravæðing í dreifbýli hefur aukið möguleika á að koma til móts þá brýnu þörf.

Á Austurlandi hafa á síðustu misserum orðið atburðir sem minnt hafa á mikilvægi þess að hvergi sé slegið af við uppbyggingu ofanflóðavarna. Bygging snjóflóðavarnargarða norðanvert við þéttbýlið í Seyðisfirði er vel á veg komin og varnir vegna aurflóða í undirbúningi í firðinum sunnanverðum. Um er að ræða mikilvæga öryggisinnviði. Þrátt fyrir að slíkir innviðir séu að mestu fjármagnaðir af Ofanflóðasjóði er hlutur þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga og búa við slíka vá þó þannig að reynir nokkuð vel á fjárhagslega og tekur til sín mikilvægt framkvæmdafé meðan sú mannvirkjagerð stendur yfir. Það er fjármagn sem annars kæmi að gagni vegna nauðsynlegra mannvirkja sem snúa að þjónustu við íbúa. Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir þessum útgjöldum í tekjuöflunarliðum sveitarfélaga.

”

Með þeim miklu umbótum sem leiða af uppbyggingu samgönguinnviða verða til stærri og sterkari atvinnusvæði með fleiri og fjölbreyttari störfum, aukinni nýsköpun og bættu aðgengi til þjónustu og viðskipta. Uppbygging innviða jafnar aðstöðumun íbúa landsins enda beinlínis ætlað að gera það og mætti því miða hraðar en raunin er.

Það er hins vegar mjög jákvætt að stjórnvöld eru að vinna mat á stöðu atvinnusvæða í byggðarlögum sem búa við ofanflóðavá og hafa hafið umfjöllun um viðbrögð fyrir þau svæði. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og innviðaráðherra hafa kynnt sveitarstjórnarfulltrúum í Múlaþingi drög að skýrslu sem nú er í vinnslu um mat á þörf fyrir varnarkröfur og viðbúnað vegna ofanflóðahættu á atvinnusvæðum á Íslandi. Í kynningu á drögunum vakti staða Seyðisfjarðar athygli vegna þess að langumfangsmestu atvinnusvæðin er að

finna þar í samanburði byggðalaga sem um ræðir og því umfjöllunar þörf með tilliti til þess.

Með þeim miklu umbótum sem leiða af uppbyggingu samgönguinnviða verða til stærri og sterkari atvinnusvæði með fleiri og fjölbreyttari störfum, aukinni nýsköpun og bættu aðgengi til þjónustu og viðskipta. Uppbygging innviða jafnar aðstöðumun íbúa landsins enda beinlínis ætlað að gera það og mætti því miða hraðar en raunin er. Eðlilega hafa sjónir út um land og ekki síst á Austurlandi einkum beinst að uppbyggingu samgöngumannvirkja á stofnleiðum til að rjúfa vetrareinangrun og tengja þéttbýlisstaði og þjónustukjarna og því hætt við að að halli á dreifbýli. Það er því nauðsynlegt í framhaldi af uppbyggingu stofnleiða að beina sjónum að endurbótum leiða í dreifbýli, ekki síst á víðfeðmu svæði eins og dreifbýli Múlaþings er, með styrkingu vega og bundnu slitlagi. En á sumum leiðum hefur umferð aukist verulega með umferð ferðamanna og flutningabílar og farmar eru stærri en tíðkaðist þegar vegirnir voru lagðir. Endurbætur vega er þýðingarmikill þáttur í að jafna aðstöðu og forsenda bættar þjónustu og jöfnun búsetuskilyrða íbúa svo sem til skólasóknar barna og þátttöku þeirra í félagslífi og frístundum. Um leið eru þær tækifæri til sóknar með fjölbreyttum atvinnutækifærum og uppbyggingu í dreifðum byggðum og dreifbýli.

## Sveitarstjórnarstigið



Alexandra Briem  
borgarfulltrúi.

Þetta eru mjög aðkallandi mál fyrir íbúana, það verður oft meiri hiti og ákefð í kringum þau heldur en spurningar sem má segja að skipti meira máli, til dæmis fjármögnun heilbrigðiskerfisins eða afstöðu til flóttafólks, en eru ekki jafn persónuleg. Fólk sem fylgist ekki með fréttum og álitur sig ópólitískt lætur sig samt varða það ef breyta á fyrirkomulagi skólans, eða legu götunnar. Það lætur sig það varða ef setja á upp eldisstöð í firðinum, eða stíflu í ánni.

Þess vegna erum við í lykilstöðu til að efla lýðræðisþátttöku. Til að gefa íbúum kost á að taka þátt í ákvarðanatöku og til að þróa betri leiðir til upplýsingagjafar og samtals. Það hefur gengið illa á Íslandi að endurheimta traust á stjórnámum eftir hrunið. Ég trúir því að eina leiðin til að endurheimta traustið sé að stjórnámlin byrji á að sýna íbúum traust. Það gerum við bara með auknu samtali og með aukinnidreifingu valds.

### Hlutverk sveitarfélaga

Sveitarfélögum ber að þjónusta íbúana, það er okkar grundvallarhlutverk. En við erum líka málsvari þeirra. Bæði gagnvart áhrifamiklum einkaaðilum og gagnvart ríkinu. Það er mjög mikilvægt að við sinnum því hlutverki af alvöru og ábyrgð. Að við hlustum á rödd íbúanna og sjáum til þess að ríkisvaldið gangi ekki á þeirra hagsmuni með því að fela okkur verkefni án fjármögnunar.

Það er nú orðið morgunljóst að málaflokkur fatlaðs fólks er mjög vanfjármagnaður af hálfu ríkisins. Það er mjög mikilvægt að hafa í huga að þar er alls ekki við notendur þjónustunnar að sakast, en við verðum að standa saman til að koma í veg fyrir að fjárhagur sveitarfélaganna sé svo gott sem settur á hliðina með því að flytja til okkar verkefni með þessum hætti án þess að fjármagna þau. Þá skiptir ekki máli

## Síðasta orðið

*Sveitarstjórnarfolk hefur síðasta orðið um lífið og tilveruna í sveitarfélaginu og í sveitarstjórn.*



Sveitarstjórnarstigið er mikilvægt. Það er hjá okkur sem stjórnámlin raungerast. Það sem á sér stað á Alþingi skiptir vissulega miklu máli, en mál sem þar virðast fjarlæg og frekar tengjast hugmyndafræði verða persónuleg og nærtæk hjá okkur. Skóli barnanna þinna, gatan sem þú býrð við, hvernig húsið þitt eða garðurinn má vera, hvað má byggja í nágrenninu?





Loftmynd af Reykjavík, horft til austurs yfir íþróttasvæði Vals við Hlíðarenda. Ljósmynd Einar H. Reynis af Unsplash.

”

Það er nú orðið morgunljóst að mála-flokkur fatlaðs fólks er mjög vanfjármagnaður af hálfu ríkisins. Það er mjög mikilvægt að þar er alls ekki við notendur þjónustunnar að sakast en við verðum að standa saman til að koma í veg fyrir að fjárhagur sveitarfélaganna sé svo gott sem settur á hliðina með því að flytja verkefni til okkar með þessum hætti án þess að fjármagna þau.

um hvaða málaflokk er að ræða, við getum ekki sætt okkur við þess háttar ákvarðanatöku.

Ég virði það við ráðherra sveitarstjórnarmála að koma að einhverju leyti til móts við þessar áhyggjur með tilflutningi á útsvari, en sú aðgerð nær í besta falli upp í tæpan þriðjung af því sem upp á vantar.

Við verðum að standa saman og vera alveg skýr með það að því máli er engan veginn lokið. Við verðum að fá fulla fjármögnun á okkar verkefnum.

### Málefni flóttafólks

Nýjasta útspil ríkisstjórnarinnar í málefnum flóttafólks virðist vera að nú skuli þau sem hefur verið synjað um dvalarleyfi missa allan rétt á stuðningi eftir þrjátíu daga, ef þau fari ekki úr landi eigi þau í engin hús að venda, en geti sótt um stuðning til sveitarfélaganna.

Þau virðast því ætla sveitarfélögunum að taka við þeim umsækjendum um

alþjóðlega vernd sem ekki vilja fara úr landi eftir synjun á sínu erindi, án þess að fjármagna þá framfærslu.

Því verður að halda til haga að sveitarfélögin geta með engu móti afgreitt mál þeirra sem um ræðir. Við getum ekki veitt þeim dvalarleyfi eða atvinnuleyfi, við gætum ekki einu sinni vísað þeim úr landi ef það væri eitthvað sem við hefðum áhuga á. Við höfum ekkert umboð eða heimild til að vinna þeirra mál, svo það liggur fyrir að þessi afgreiðsla málaflokksins er engin lausn. Hópurinn mun þá bara stækka og stækka mánuð eftir mánuð, án þess að hægt sé að gera neitt til að ljúka þeirra málum. Þau sitja föst í endalausum límbó.

Við getum ekki með nokkru móti sætt okkur við þau málalok að ríkisstjórnin segi sig frá sínum eigin heimatilbúna vanda, sem þó var kyrfilega bent á að myndi koma upp meðan lögin voru í þinglegri meðferð, með því að vísa honum á okkur án fjármagns og án leiða til að vinna úr stöðu þess fólks sem til okkar er vísað.





# Við komum fjármagni á hreyfingu

Motus býður heildstæða kröfuþjónustu fyrir sveitarfélög. Við veitum framúrskarandi aðgengi fyrir greiðendur með sjálfsafgreiðslu á greiðendavef og víðu neti útibúa.

Við tökum vel á móti þér um allt land.